



ÁRSSKÝRSLA 2016





Efnisyfirlit ársskýrslu 2016

	Bls.		Bls.
Stjórn RARIK ohf. 2015–2016.....	2	Ársreikningur 2016.....	40
Frá stjórnarformanni og forstjóra.....	3	Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ...	41
Inngangur.....	3	Áritun endurskoðenda.....	43
Stjórnskipurit	10	Rekstrarreikningur ársins 2016.....	46
Aðalfundur RARIK 2016.....	11	Heildarafkoma ársins 2016.....	47
Fjármál.....	12	Efnahagsreikningur 31. desember 2016....	48
Dreifikerfi.....	15	Eiginfjárfirlit árið 2016.....	49
Lykiltölur.....	22	Sjóðstremisýfirlit ársins 2016.....	50
Hitaveitur.....	23	Skýringar.....	51
Starfsemin.....	25	Yfirlýsing um stjórnarhætti.....	74
Orkusalan ehf.....	31	English summary.....	77
RARIK Orkuþróun ehf.....	37		

Stjórn RARIK ohf. 2016-2017

Stjórn RARIK ohf. var kosin á aðalfundi í mars 2016.

Hana skipa:



*Birkir Jón Jónsson,
formaður*



*Arnbjörg
Sveinsdóttir*



*Huld
Aðalbjarnardóttir*



*Björgvin G.
Sigurðsson*



*Guðmundur Hörður
Guðmundsson*

FORSTJÓRI RARIK



*Tryggvi Þór
Haraldsson*



Frá stjórnarformanni og forstjóra

Rekstur RARIK-samstæðunnar gekk vel á árinu 2016 og var afkoman heldur betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Engin stórtjón urðu á dreifikerfinu og truflanir á afhendingu raforku af völdum bilana í dreifikerfinu voru óverulegar. Helstu truflanir á afhendingu raforku voru vegna bilana og truflana í flutningskerfinu. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afkomu hlutdeildarfélagss var umtalsvert meiri en árið 2015 og umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Tekjur hækkuðu um tæp 11% frá fyrra ári og gjöld um 6%. Fjármagnsliðir voru mun hagstæðari en árið á undan, þannig að afkoma fyrir áhrif hlutdeildarfélagss var mun betri en árið 2015. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagss var hins vegar neikvæð á árinu, en var aftur á móti jákvæð árið 2015. Því var hagnaður ársins að teknu tilliti til skatta svipaður og 2015, eða um 2 milljarðar kr. samanborið við um 2,2 milljarða kr. árið 2015. Fjárfest var fyrir 3,1 milljarð kr. á árinu sem er talsvert minna en áætlað var, en þó meira en árið 2015 þegar fjárfestingar námu um 2,4 milljörðum kr. RARIK tók erlent lán að fjárhæð 3,5 milljörðum kr. á árinu 2016 til að fjármagna frekari fjárfestingar í lagningu jarðstrengja. Starfsmenn RARIK og dótturfélaga voru 198 í árslok 2016.

Afkoma ársins

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 5,1 milljarður kr., eða 34,5% af veltu. Rekstrartekjur voru 14,7 milljarðar kr. og rekstrargjöld voru 11,4 milljarðar kr. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur voru 293 milljónir kr. og hagnaður eftir skatta um 2 milljarðar kr. Heildareignir RARIK í árslok voru skv. efnahagsreikningi 57,7 milljarðar kr. og heildarskuldir 21,6 milljarðar kr. Eigið fé var því um 36 milljarðar kr. eða tæp 63%.

Reikningsfærð orka í dreifikerfi RARIK dróst saman um 5% á milli ára, aðallega vegna minni dreifingar á ótryggðri orku í þéttbýli. Alls var 13% samdráttur í reikningsfærðri orku í þéttbýli, en í dreifibýli var hins vegar 9% aukning.

Verðskrá RARIK fyrir flutning og dreifingu raforku hækkaði í upphafi árs um rúm 7% að meðaltali í dreifibýli en engin hækun var í þéttbýli. Orkusalan, dótturfélag RARIK, hækkaði gjaldskrá sína um 3,8% í upphafi árs og 1,6% þann 1. júlí.

Starfsemin á árinu

RARIK hefur frá árinu 1993 unnið að endurnýjun dreifikerfis raforku í dreifibýli með jarðstrengjum. Frá árinu 2010 hefur verið unnið eftir markvissri áætlun um endurnýjun alls loftlínukerfis RARIK og er miðað við það að verkefninu ljúki fyrir árið 2035. Gert er ráð fyrir að loftlínukerfið verði að langstærstum hluta endurnýjað með þriggja fasa jarðstrengjum. Frá 2010 hefur verið varið árlega um 1.000 milljónum kr. til þessarar endurnýjunar og er miðað við að endurnýja um 200 km á ári. Að auki eru árlegar viðbætur við kerfið að ósk nýrra viðskiptavina. Lagðir voru 276 km af háspennujarðstrengjum á árinu, þar af rúmlega 200 km vegna endurnýjunar og rúmlega 70 km vegna aukningar. Alls var fjárfest í dreifikerfinu fyrir 1.922 milljónir kr., þar af um 1.000 milljónir vegna endurnýjunar loftlínukerfis í dreifibýli. Fjárfest var fyrir 430 milljónir í stofnkerfum og orkusölumælum. Í hitaveitum var fjárfest fyrir um 385 milljónir og í bifreiðum og tækjum fyrir um 150 milljónir. Þá var fjárfest fyrir 167 milljónir kr. í virkjunum Orkusölnunnar, dótturfélagss RARIK.



Tryggvi Þór Haraldsson,
forstjóri RARIK



Birkir Jón Jónsson,
formaður stjórnar RARIK

Stærstu einstöku verkefni í dreifikerfinu voru lagning 22 km jarðstrengs í Flókadal í Fljótum, 16 km jarðstrengs í Hróarstungu á Héraði, 15 km í Öxarfirði, 15 km frá Höfnum að Hrauni á Skaga, 14 km í Grafningi, 13 km í Mýrdal og undir Eyjafjöllum, 12 km frá Sveinsstöðum að Laufási í Húnavatnssýslu og 12 km við Reykholt í Reykholtssdal. Þá var lagður 27 km jarðstrengur á 33 kV spennu frá Steinum undir Eyjafjöllum að Pétursey í Mýrdal.


Við Hoffell í Nesjum í Hornafirði var boruð ein 1.100 m djúp rannsóknarhola í byrjun ársins sem lofar góðu og síðan tvær 500 m rannsóknarholur í lok ársins til að kanna austurhluta svæðisins. Djúpa holan gefur meira vatnsmagn en aðrar holur sem boraðar hafa verið og er nú gert ráð fyrir að bora tvær djúpar rannsóknarholur á árinu 2017. Vonast er til að með þeim megi afla nægilegs vatns fyrir hitaveitu á Höfn í Hornafirði.

Lokið var byggingu miðlunargeymis og stjórnhúss á Húnavöllum fyrir hitaveitu Blönduóss og Skagastrandar og stjórnkerfi veitunnar var endurnýjað. Þá voru dælar síkkaðar í tveimur af þremur borholum sem veitan nýtir.

Fyrirvaralausum rekstrartruflunum í dreifikerfi RARIK fækkaði um 17% frá fyrra ári, sem var meðalár, og hafa þær aldrei verið færri. Truflanir vegna náttúruafla voru 40% færri en í meðalári. Skerðing til notenda vegna fyrirvaralausra truflana nam alls 115 MWh á árinu, sem er óvenju lítið og um þriðjungi minna en í meðalári. Skerðinguna má að mestu leyti rekja til truflana í loftlínunum vegna veðurs og áflugs fugla.

Handbók RARIK er í stöðugri þróun. Ýmsum nýjum skjölum var bætt í handbókina sem m.a. geymir allar helstu verklagsreglur fyrirtækisins, leiðbeiningar, skipurit, verkfyrir-mæli og tilvísanir í lög og staðla. Skjöl sem tengjast stefnu og stjórnkerfi upplýsingamála voru endurnýjuð og bætt við skjölum sem tengjast m.a. greiðslu og afstemmingu reikninga, tjónstilkynningum, siðareglum og samfélagslegri ábyrgð. Þá var gefin út ný viðbragðsáætlun vegna upplýsingavár og viðbragðsáætlun vegna hugsanlegs goss í Kötlu endurskoðuð. Að auki voru gefin út 13 Kastljós þar sem leitast er við að upplýsa starfsmenn um frávík sem varða búnað og atvik sem komið hafa upp í rekstrinum og tengjast rekstaröryggi dreifikerfisins og öryggi starfsmanna. Úrtaks-skoðanir, skoðun öryggistækja og önnur öryggismál voru með hefðbundnum hætti og ekki urðu nein alvarleg slys á árinu.

Raforkudreifing 2016



- Forgangssorka þéttbýli 522 GWst
- Forgangssorka dreifibýli 459 GWst
- Ótryggt orka 184 GWst


Á árinu var unnið úr tilboðum sem gerð voru í reikningagerðarkerfi fyrir RARIK í framhaldi af auglýstu útboði á árinu 2015. Útboðið, sem auglýst var á Evrópska efnahagssvæðinu, fór fram í samráði við Ríkiskaup. Ríkiskaup tóku einnig þátt í að rýna tilboðin og lögðu línur um vinnulag við val á bjóðanda. Samið var um kaup á kerfinu í árslok.

Haldið var áfram að innleiða stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Til að uppfylla kröfur FME var KPMG fengið til að gera árlega úttekt á upplýsingaöryggi hjá RARIK. Úttekt á kerfinu staðfesti góða stöðu þess þótt áfram verði unnið að því að bæta það og þróa.

Dótturfélög

Orkusalan ehf.

Rekstur á tíunda starfsári Orkusölunnar ehf. sem er í 100% eigu RARIK gekk vel og var hagnaður eftir skatta 730 milljónir króna og eiginfjárlutfall í árslok var 68,5%. Orkusalan á og rekur 5 virkjanir og framleiðir sjálf tæpan fjórðung þeirrar orku sem



Helga Sigurbjörnsdóttir var ráðin í starf rafvirkja hjá RARIK á Sauðárkróki árið 2016 og er fyrsta fastráðna konan til að gegna stöðu í vinnuflokki hjá fyrirtækinu.



*Jarðstrengslögn í landi Heiðarbæjar.
Um 14 km jarðstrengur var lagður
frá Nesjum í Grafningi að
Skálabrekku í Þingvallasveit.*

hún selur. Heildarmarkaður Orkusölnunnar á árinu 2015 var tæplega 1,1 TWst, þar af var framleiðsla virkjana hennar rúmlega 0,25 TWst.

Á árinu náðust samningar til skamms tíma um kaup á orku frá Landsvirkjun í stað þeirra samninga sem áður voru gerðir til 12 ára. Flestir þessara samninga við Landsvirkjun eru í dag aðeins til eins árs í senn. Með nýju samningunum verða innkaup á orku töluvert flóknari og ósveigjanlegri en áður og kostnaður vegna viðskiptanna eykst.

Allur raf- og vökvabúnaður Skeiðsfossvirkjunar II var endurnýjaður á árinu auk þess sem hafin var vinna við að skipta út iðntölvum og stjórnkerfi fyrir báðar Skeiðsfossvirkjanirnar. Grafið var upp úr aðrennslisskurðum Lagarfossvirkjunar og Skeiðsfossvirkjunar II til að minnka rennslistruflanir. Einnig hófst undirbúningur að nýju stjórnkerfi fyrir Smyrlabjargaárvirkjun.

Almennt gekk rekstur virkjana Orkusölnunnar vel og litlar truflanir voru á rekstri þeirra á árinu.

Á undanförunum árum hefur virkjun Hólmsár í Vestur-Skaftafellssýslu verið í undirbúningi í samstarfi við Landsvirkjun, en Orkusalan fer með helmingshlut í undirbúningi virkjunarinnar á móti Landsvirkjun. Í þingsályktun um áætlun um vernd og orku-



nýtingu landsvæða, sem lögð var fram á Alþingi haustið 2016, kemur fram að Hólmsárvirkjun með miðlun við Atley skuli raða í biðflokk. Því hefur verið dregið úr vinnu við undirbúning virkjunarinnar.

Orkusalan hefur skoðað ýmsar aðrar leiðir til orkuöflunar, svo sem virkjun smærri vatnsaflskosta, jarðvarma og vindorku.

Í upphafi árs keypti Orkusalan upprunaábyrgðir fyrir allan raforkumarkað félagsins. Með því gerir Orkusalan nú öllum viðskiptavinum sínum mögulegt að fá svokallað Grænt ljós, þar sem öll raforkusala er vottuð 100% endurnýjanleg með upprunaábyrgðum. Á síðari hluta ársins fór Orkusalan í átak til að styðja við og styrkja innviðaupbyggingu fyrir rafbíla með verkefninu „Rafbraut um Ísland“ og gaf af því tilefni öllum sveitarfélögum landsins hleðslustöðvar fyrir rafbíla.

Starfsmenn Orkusölnunnar voru 13 í árslok 2016.

RARIK Orkuþróun ehf.

Rekstur á níunda starfsári RARIK Orkuþróunar ehf. (RED) var að mestu í samræmi við áætlanir. Félagið á hlut í Sjávarorku ehf, sem hefur rannsóknarleyfi í Hvammsfirði vegna sjávarfallavirkjunar og í Sunnlenskri Orku ehf, sem hefur unnið að rannsóknum í Ölfusdal og áður í Grændal. Auk þess að falast eftir nýtingarleyfi stjórnvalda á

jarðvarmanum í Ölfusdal hefur Sunnlensk Orka óskað eftir sérleyfisrétti stjórnvalda til að afhenda heitt vatn, gufu og aðrar afurðir frá borholum og hugsanlegri jarðvarma-virkjun sem reist yrði í Ölfusdal.

Á erlendum vettvangi hefur RARIK Orkuþróun ásamt EFLU verkfræðistofu unnið að rannsóknum á jarðhitasvæðum í Tyrklandi í gegnum félagið RARIK Turkison Enerji (RTE). Starfsemi þess hefur legið niðri undanfarin misseri, en samstarfsaðilinn, tyrkneska orkufyrirtækið Zorlu Enerji, sem á og rekur jarðvarmavirkjanir í Tyrklandi áformar nú borun vinnsluhola á svæðinu á árunum 2018 og 2019. RTE mun ekki hafa beina aðkomu að fjármögnun þessa verkefnis.

Hjá RARIK Orkuþróun ehf. er einn starfsmaður.

Ljós- og gagnaleiðari ehf.

Dótturfélagið Ljós- og gagnaleiðari sem RARIK stofnaði árið 2009 leigir út hluta af ljósleiðurum sem félagið á. Að öðru leyti var enginn eiginlegur rekstur í félaginu og enginn starfsmaður.

Verðjöfnun í dreifbýli

Í fjárlögum 2016 var ákveðið að verja 913 milljónum króna til verðjöfnunar á kostnaði við raforkudreifingu á milli dreifbýlis og þéttbýlis og var það aukning frá árinu áður. Samkvæmt fjárlögum 2017 er sömu upphæð veitt í þetta verkefni í ár og er stefnt að því að ná sem næst fullri verðjöfnun árið 2019. Það er fagnaðarefni að með þessum aðgerðum stjórnvalda næst langbráð markmið að jafna raforkukostnað milli þéttbýlis og dreifbýlis. RARIK og fleiri veitur hefðu þó talið heppilegra að slík verðjöfnun væri fjármögnuð af almennu skattfé en ekki með sérstökum skatti.

Verðskrá RARIK í þéttbýli hefur verið óbreytt í fimm ár og ekki líklegt að verulegar hækkningar verði á henni á næstu árum. Umfang dreifikerfis RARIK í dreifbýli er 15-20 falt meira en dreifikerfis í þéttbýli, þótt orkunotkun í dreifbýlinu sé minni og rekstur dreifikerfisins þar erfiðari. Rekstrar- og fjármagnskostnaður er því mun hærri í dreifbýlinu og þar af leiðandi er tekjuþörfin þar meiri, þó að línukerfið í dreifbýlinu sé að stórum hluta bókhaldslega afskrifað og komi að litlum hluta inn í tekjuheimildir. RARIK hefur hækkað verðskrá sína í dreifbýli umfram verðlag á undanförunum árum, en þrátt fyrir það ekki nýtt til fulls tekjuheimildir sínar þar.

Endurnýjun loftlínudreifikerfis stærsta verkefnið

Hlutfall jarðstrengja í háspennukerfi RARIK er nú orðið um 57%. Um 5.000 km kerfisins eru nú í jarðstrengjum, en eftir er að endurnýja rúmlega 3.700 km af loftlínunum. Nokkur hluti þeirra var reistur á árunum 1950-1960, en stærsti hlutinn á árunum 1960-1980. Endurnýjun þessa kerfis er langstærsta verkefni RARIK og kostnaður við það yfir 17 milljarðar á verðlagi í dag. Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að ljúka endurbyggingunni á næstu 18 árum. Enginn vafi er á að endurnýjunin dregur úr rekstrartruflunum, þar sem áhrif veðurs á dreifikerfið hverfa að mestu. Á síðasta ári var t.d. aðeins 8% skerðinga á orkuafhendingu af völdum truflana í jarðstrengskerfum, en 67% skerðinga voru vegna truflana í loftlínukerfum. RARIK hefur þó ekki talið forsvaranlegt að flýta endurnýjun kerfisins, enda kallar það á frekari gjaldskrárhækkningar. Mikilvægast er að endurnýjunin sé í samræmi við raunverulega endurnýjunarþörf og kröfur viðskiptavina um rekstraröryggi og afhendingargetu.



Plæging 33 kV strengs í Mýrdal.

Á árinu var plæging jarðstrengja boðin út á öllum svæðum RARIK eins og árið áður. Samhliða voru fengin verð í ljósleiðaralagnir sem hægt væri að plægja með háspennustrengjunum. Stjórnvöld hafa styrkt ljósleiðaralagnir í dreifbýli og mun RARIK halda áfram að bjóða sveitarfélögum og öðrum sem þess óska að leggja ljósleiðara samhliða háspennulögnum í dreifbýli. Fyrirtækið getur þó ekki breytt áætlunum sínum um endurnýjun rafdreifikerfisins vegna uppbyggingar ljósleiðaranets um dreifbýlið, enda er endurnýjun rafdreifikerfisins mjög fjárfrekt og krefjandi forgangsverkefni.


Takmarkanir í flutningskerfi raforku

Flutningskerfi raforku á landsbyggðinni er að nálgast þolmörk og ef ekkert verður að gert mun þurfa að hafna uppbyggingu á almennum iðnfyrirtækjum sem krefjast mikillar raforku. Ekki verður heldur séð að hægt verði að halda áfram orkuskiptum úr olíu yfir í rafmagn að neinu marki nema flutningskerfi raforku verði eft. Á undanförunum árum hafa takmarkanir flutningskerfisins verið leystar með fullkomnum stjórnbúnaði, en ekki verður séð að miklu lengra verði komist í þeim efnum. Tíma tekur að styrkja flutningskerfið og ekki síður að undirbúa styrkinguna og fá til þess heimildir. Mikilvægt er að mati RARIK að þessu verði flýtt eins og kostur er. Annars mun stór hluti landsbyggðarinnar sitja eftir í almennri uppbyggingu atvinnu og ferðaþjónustu og í þeirri óumflýjanlegu þróun sem fram undan er og tengist orkuskiptum.

Þráttur Þ. Haraldur

Þórir Jón Jónsson

Framkvæmdastjórar sviða og dótturfélaga





Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri
RARIK flytur aðalfundi skýrslu sína.

Aðalfundur RARIK 2016


Aðalfundur RARIK ohf. 2016 var haldinn í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Reykjavík 18. mars 2016. Í ávarpi sínu í upphafi fundarins gat Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður þess að á árinu 2015 hefði verið unnið að stefnumótun og innleiðingu áhættustefnu félagsins og að áformað væri að ljúka hvoru tveggja á árinu 2016. Hann gerði að umtalsefni árangur borana eftir heitu vatni í Hoffelli vestan Hafnar í Hornafirði sem gæfi vonir um að hægt yrði að virkja jarðhita þar til notkunar fyrir hitaveitu á Höfn. Hann greindi frá ferð stjórnar RARIK um Norðausturland á árinu 2015 þar sem stjórnin hitti starfsmenn og skoðaði starfsstöðvar félagsins og átti fundi með sveitarstjórnunum á svæðinu. Sagði hann slíkar ferðir lykil að góðu samstarfi fyrirtækisins við fulltrúa viðskiptavina þess. Birkir Jón færði starfsmönnum RARIK þakkir stjórnarinnar fyrir góð störf í þágu fyrirtækisins og góðan árangur í rekstri þess á árinu 2015.

Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri sagði rekstur RARIK samstæðunnar hafa gengið vel á árinu 2015 þótt afkoman fyrir fjármagnsliði hafi verið heldur lægri en árið á undan eins og búist hafði verið við. Tekjur hafi hækkað um 6% frá árinu áður en rekstrargjöld um rúm 13%. Fjármagnsliðir og afkoma hlutdeildarfélags hafi hins vegar verið betri en búist var við, þannig að hagnaður ársins eftir skatta hafi orðið rúmir 2,2 milljarðar króna. Hann sagði horfur í rekstri RARIK á árinu 2016 góðar og áætlanir gerðu ráð fyrir að sala á forgangsortu muni aukast lítillega og verða heldur meiri en árið áður en dreifing ótryggðrar raforku dragast saman.

Í máli Tryggva Þórs kom fram að á árinu 2015 hefði fyrirvaralausum rekstrartrufunum í dreifikerfi RARIK fjölgað nokkuð frá árinu á undan og að skerðingar til notenda hefðu verið óvenju miklar en þær hafi flestar mátt rekja til fáeinna óveðursdaga í febrúar, mars og desember. Nokkrar skemmdir hafi orðið á línukerfinu en ekki var um meiri-háttar tjón að ræða. Hann sagði jarðstrengjavæðingu undanfarinna ára almennt hafa aukið mjög rekstraróryggi dreifikerfisins og dregið úr trufunum. Fram kom að áætlað er að ljúka jarðstrengjavæðingu kerfisins á næstu 20 árum og að það muni kosta um 17 milljarða króna.

Aðalfundurinn samþykkti tillögu stjórnar RARIK um að greiddur skyldi út 350 milljóna króna arður á árinu. Stjórn RARIK ohf. var endurkjörin á aðalfundinum en hana skipa þau Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir Jón Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Guðmundur Hörður Guðmundsson og Huld Aðalbjarnardóttir.

Skipting eigna RARIK
samstæðu 2016



- Veitukerfi
- Virkjanir
- Aðrir rekstrarfjármunir
- Veltufjármunir
- Eignarhluti í öðrum félögum

Fjármál

Rekstur RARIK samstæðunnar gekk vel á árinu 2016. Tekjur hækkuðu um tæp 11% frá fyrra ári en rekstrargjöld hækkuðu samtals um 6%. Niðurstaða rekstrar fyrir fjármagnsliði var töluvert betri en árið áður og fjármagnsliðir voru einnig mun hagstæðari en árið 2015. Því var hagnaður félagsins hærri en árið á undan og meiri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum. Áhrif hlutdeildarfélags voru neikvæð á árinu 2016 og gera það að verkum að hagnaður ársins að teknu tilliti til skatta er um 2 milljarðar kr. sem er svipuð niðurstaða og árið 2015.

Rekstur


Rekstrarhagnaður ársins 2016 (EBIT) var um 3,3 milljarðar kr. sem eru rúm 22% af veltu ársins. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var tæp 35% sem hlutfall af veltu, eða 5,1 milljarðar kr. Í byrjun árs 2016 var gjaldskrá dreifingar í dreifbýli hækkuð að meðaltali um 7,4% en þéttbýlisgjaldskrá hækkaði ekki. Það var fjórða árið í röð sem þéttbýlisgjaldskrá breytist ekki. Með hækkun dreifbýlisgjaldskrár er talið að RARIK fullnýti tekjuheimildir sínar á árinu, en gert er ráð fyrir að verðskrá í dreifbýli hækki eitthvað umfram verðlag á næstu árum. Verðskrár hitaveitna RARIK breyttust ekki á árinu. Orkusalan hækkaði verðskrá sína tvívegis á árinu, í ársbyrjun um 3,8% og síðan um 1,6% um mitt ár til samræmis við verðhækkunar Landsvirkjunar til Orkusölnunnar.

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM 2012-2016

Helstu stærðir úr rekstri	Jan.-des. 2016	Jan.-des. 2015	Jan.-des. 2014	Jan.-des. 2013	Jan.-des. 2012
Rekstrartekjur	14.670	13.252	12.521	11.793	11.412
Rekstrargjöld	11.399	10.755	9.513	9.108	8.428
Rekstrarhagnaður	3.271	2.497	3.008	2.684	2.984
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-293	-850	-748	-867	-1.282
Áhrif hlutdeildarfélags	-344	903	847	491	180
Hagnaður/tap fyrir skatta	2.634	2.550	3.107	2.309	1.882
Tekjuskattur	-594	-330	-446	-362	-341
Hagnaður (Tap)	2.040	2.220	2.661	1.947	1.541
Eignir samtals	57.722	57.751	48.536	46.787	44.569
Eigið fé	36.134	35.623	29.495	27.144	25.507
Skuldir	21.588	22.128	19.041	19.643	19.062
Handbært fé frá rekstri	3.487	3.587	3.837	3.541	3.257
Greidd vaxtagjöld	727	741	649	657	630
EBITDA	5.066	4.151	4.719	4.300	4.351
Vaxtaþekja	6,97	5,60	7,27	6,54	6,91
Eiginfjárlutfall	62,6%	61,7%	60,8%	58,0%	57,2%
EBITDA/Velta	34,5%	31,3%	37,7%	36,5%	38,1%

Flutnings- og dreifitekjur RARIK af raforku 2016

Meðalverð skv. notkunarflokkum, í þéttbýli og dreifbýli



Heildarrekstrartekjur samstæðunnar á árinu voru 14,7 milljarðar kr. sem er hækkun um tæp 11% frá fyrra ári. Rekstrargjöldin voru 11,4 milljarðar kr. sem er 6% hækkun frá árinu 2015. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur ársins voru um 294 milljónir sem er um 1,6% af vaxtaberandi skuldum í upphafi ársins. Rekstrarniðurstaða ársins 2016 fyrir áhrif hlutdeildarfélag og skatta er jákvæð um 3 milljarða kr. samanborið við 1,6 milljarð kr. árið 2015. Áhrif hlutdeildarfélag Landsnets í rekstri eru neikvæð um 344 milljónir kr. Hagnaður ársins að teknu tilliti til tekjuskatts er 2 milljarðar kr. Vegna hlutdeildar í þýðingarmun hlutdeildarfélag, sem færður er á eigið fé, að fjárhæð um 1,2 milljarðar kr. er heildarhagnaður ársins 2016 um 861 milljónir kr.

Efnahagur

Heildareignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi eru 57,7 milljarðar kr., skuldir í árslok eru 21,6 milljarður kr. og því er eigið fé 36,1 milljarður kr. og er eiginfjárlutfallið tæp 63%. Veltufjárlutfall í lok ársins var um 1,8 sem er nokkuð hærra en verið hefur undanfarin ár. Fjárfesting á árinu 2016 var 3,1 milljarður kr. en árið 2015 var heildarfjárfesting 2,4 milljarðar kr. Meginhluti fjárfestingarinnar er vegna endurnýjunar dreifikerfisins. Fjárfesting í veitukerfum á árinu var samtals 2,7 milljarðar kr. og fjárfesting í virkjunum var 167 milljónir kr. Arðsemi eiginfjár var um 5,7% á árinu 2016. Á árinu var greiddur 350 milljóna kr. arður til eiganda.


Fjármögnun

Á fyrsta ársfjórðungi 2016 var gengið frá samningi við Norræna fjárfestingabankann um lán til 15 ára sem nýtt verður til að fjármagna framkvæmdir við endurnýjun loftlínudreifikerfisins með jarðstrengjum. Lánið var tekið í evrum og dollurum. Með því er tryggð fjármögnun á fyrsta áfanga af þremur við endurnýjun kerfisins en gert er ráð fyrir að árið 2035 verði nánast allt dreifikerfi RARIK jarðstrengskerfi. Hlutfall erlendra skulda í árslok var um 20% af vaxtaberandi skuldum félagsins.

Horfur í rekstri árið 2017

Horfur í rekstri RARIK á árinu 2017 eru góðar. Gert er ráð fyrir að hagnaður af rekstri félagsins fyrir áhrif hlutdeildarfélag og skatta verði minni en hann var á árinu 2016 eða svipaður og hann var árið 2015. Er það einkum vegna þess að ekki er gert ráð fyrir að fjármagnsliðir verði eins hagstæðir á árinu 2017 og þeir voru árið 2016.


Hlutfallsleg skipting á magni forgangsorku 2016 eftir notkunarflokkum viðskiptavina





Lagning jarðstrengja dregur úr rekstrartruflunum, þar sem áhrif veðurs á dreifikerfið hverfa að mestu.

Dreifikerfi



Dreifikerfi RARIK 2016

Um 70% dreifikerfis RARIK er þriggja fasa

RARIK rekur stærsta dreifikerfi raforku hér á landi og er lengd háspennuhluta þess um 8.700 km. Áfram er unnið að endurnýjun dreifikerfisins með lagningu jarðstrengja og eru þeir nú um 57% kerfisins. Um 70% kerfisins er þriggja fasa en um 30% eins fasa loftlínur. Í þéttbýli er allt rafmagn í jarðstrengjum og frá árinu 1991 hefur kerfið í dreifbýli verið markvisst endurnýjað með jarðstrengjum en með því hefur afhendingaröryggið aukist til muna og rafmagnstruflunum fækkað. Áætlað er að ljúka jarðstrengsvæðingu alls dreifikerfis RARIK fyrir árið 2035.

Helstu framkvæmdir við dreifikerfið 2016

Unnið var að endurnýjun og styrkingu dreifikerfisins samkvæmt fyrirliggjandi langtímaáætlun líkt og undanfarin ár en fjölgun umsókna frá viðskiptavinum var mun meiri en verið hefur síðustu ár.

Heildarfjárfesting í endurnýjun og aukningu á 11 og 19 kV dreifikerfum nam um 1.922 milljónir kr. sem er um 400 milljónum kr. meira en árið áður. Þessi aukning er fyrst og fremst vegna fleiri umsókna um nýjar heimtaugar. Um 1.178 milljónum kr. var varið til að endurnýja og styrkja dreifikerfið og þar af fóru um 1.000 milljónir kr. í endurnýjun á loftlínukerfi í dreifbýli með jarðstrengjum og tilheyrandi spennistöðvum. Nú er svo komið að um 57% háspennudreifikerfis RARIK er í þriggja fasa jarðstrengjum, sem er í samræmi við langtímaáætlun um endurnýjun loftlínudreifikerfisins.

Fjárfesting í stofnkerfum nam um 320 m.kr. Tekin var í notkun ný aðveitustöð við Grímsárvirkjun en hún tengist Landsneti um 33 kV streng frá aðveitustöð við Eyvindará og leysir af hólmi afhendingarstað Landsnets á Hryggstekk.

Síðsumars voru hafnar framkvæmdir við 27 km háspennustreng á 33 kV spennu, frá Steinum undir Eyjafjöllum að Pétursey í Mýrdal, sem var annar áfangi í endurnýjun á loftlínu frá 1961. Strengurinn var tekinn í notkun 8. desember og er stofnlögn raforkudreifingar til Víkur þar með að stærstum hluta komin í jarðstreng, eða um 50 km af rúmum 60 km. Með þessu er gert ráð fyrir að afhendingaröryggi raforku í Vík aukist til muna, þar sem veður og áflug fugla sem hingað til hafa verið helstu truflanavaldar munu minnka verulega.


Aðrar framkvæmdir við stofnkerfið voru nokkru minni en áætlun ársins gerði ráð fyrir þar sem bygging nýrrar aðveitustöðvar í Vík og endurnýjun 19 kV rofabúnaðar í Vatnshömrum var frestað. Að auki náðist ekki að ljúka framkvæmdum við nýja aðveitustöð RARIK og Landsnets í Grundarfirði og hefja framkvæmdir við nýja aðveitustöð á byggðalínu í Örfæum.

Fjárfesting í endurnýjun og uppsetningu orkusölumæla hjá nýjum viðskiptavinum var með hefðbundnum hætti og nam kostnaður rösklega 100 milljónum kr.

Framkvæmdir í dreifbýli

Á Vesturlandi voru lagðir alls um 26 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 og 19 kV háspennulínum ásamt tilheyrandi spennistöðvum. Þar af voru lagðir um 6 km í Dalabyggð, frá Svínhóli að Fellsenda, en með því var lagt af afbrigðilegt þriggja fasa kerfi þar sem jörð er notuð sem þriðji leiðarinn á móti tveggja víra línu. Í Borgarfirði voru lagðir um 8 km frá Eskiholti að Litlu-Gröf auk þess sem sett var upp fjarstýranleg rofastöð við Litlu-Gröf sem bætir mjög rekstraröryggi á svæðinu í bilana- og viðhalds-tilvikum. Í Reykholtssdal voru lagðir um 12 km frá Stóra-Kroppi í gegnum Kleppjárnsreyki að Reykholti. Einnig var lokið við að setja millispenna fyrir nokkrar einsvírs línur sem ekki náðist að ljúka við á síðasta ári. Þar með er allt dreifikerfið á Vesturlandi, þar sem jörð er notuð sem leiðari, komið á bak við millispenna. Af öðrum framkvæmdum sem tengjast umsóknum viðskiptavina má nefna rafvæðingu hellisins Víðgelmis með 2 km strenglögn og spennistöð. Lokið var við að tengja Mosavallavirkjun í Helgafells-sveit við dreifikerfi RARIK.

Háspennt dreifikerfi RARIK 2016
Stofn- og dreifikerfi




**Áfangaskipting fyrir endurnýjun
á loftlínukerfi í dreifbýli á verðlagi 2017**

Áfangi	Tímabil	Árabil	Km.	M.kr.
1. áfangi	4 ár	2017-2020	856	4.081
2. áfangi	5 ár	2021-2025	719	3.264
3. áfangi	10 ár	2026-2035	1.957	8.916
Samtals:			3.528	16.261

Í fyrsta áfanga eru línur byggðar 1965 og fyrr.
Í öðrum áfanga eru línur byggðar 1966 til 1970.
Í þriðja áfanga eru línur byggðar 1971 og síðar.

Endurnýjun háspennukerfis RARIK 2016



Á Norðurlandi voru lagðir alls um 66 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 og 19 kV háspennulínunum auk tilheyrandi spennistöðva. Þar af voru lagðir um 12 km í stað svokallaðrar Múlalínu í Húnavatnssýslum, frá Sveinstöðum að Laufási, og er þá að mestu komið hreint strengkerfi frá Laxárvatni að Laugabakka. Í Blönduhlíð í Skagafirði var lagður um 5 km jarðstrengur í stað línu sem fór illa í ofsaveðri í byrjun desember 2015. Lagðir voru 22 km í Flókadal í Fljótum. Verkefnið var unnið í samstarfi við hitaveitulögn Skagafjarðarveitna og var framhald frá árinu 2015. Lagðir voru um 10 km í Eyjafirði frá Ytra-Laugalandi að Fellshlíð. Lagðir voru um 10 km í mynni Bárðardals, frá Hríflu að Hvarfi, auk strengja að Holtakoti og Úlfsstöðum og sett upp fjarstýranleg rofastöð við Hríflu. Lagðir voru um 7 km frá Raufarhöfn að bænum Ormarslóni, en loftlínan þar hefur valdið nokkrum rekstrartruflunum á svæðinu. Af öðrum framkvæmdum sem tengjast umsóknum viðskiptavina má nefna um 15 km strenglögna frá Höfnum að Hrauni á Skaga og fengu bæirnir Víkur og Ásbúðir þá fyrstu tengingu við dreifikerfið. Lagður var 15 km strengur frá Austurlandi í Öxarfirði að sendi Neyðarlínunnar á Sauðarfelli.

Á Austurlandi voru lagðir alls um 26 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 og 19 kV háspennulínunum auk tilheyrandi spennistöðva. Þar af voru lagðir um 16 km í Hróarstungu frá Lagarfossi að Blöndugerði. Lagðir voru um 2 km í Jökulsárhlíð frá árþverun við Blöndugerði að tengivirki við Brúarás og í átt að Fossvöllum. Á Horna-

Stofn- og dreifikerfi RARIK á háspennu

	Strengir km	Línur km	Samtals km	Hlutfall strengja / %
66 kV	3	0	3	100
33kV	229	102	331	69
6 til 22 kV	4.776	3.619	8.395	57
	5.008	3.721	8.729	57
Sæstrengir	15	0	15	100
Strengir samtals	5.023	3.721	8.744	57

fjarðarsvæðinu voru lagðir um 5 km yfir Steinasand í tengslum við ljósleiðaraframkvæmdir Orkuvirkisráðs á þeirri leið. Lagður var um 2 km strengur í Smyrlulínu austan Hornafjarðarflijóts þar sem mest hefur borið á áflugi fugla og standa vonir til að þessi aðgerð muni draga mjög úr truflunum í Suðursveit og Örfæfum. Lagður var um 600 m strengur í fjarstíptastöð á Engihjalla við Fáskrúðsfjörð í stað loftlínu um leið og Míla lagði ljósleiðaralögn í stöðina. Þá var ný aðveitustöð við Grímsárvirkjun tekin í notkun á árinu og voru lagðir um 500 m til endurnýjunar á línunum vegna tengingar við nýju stöðina. Helstu framkvæmdir vegna umsókna viðskiptavina voru tenging nýrrar spennistöðvar og heimtaug fyrir Wasabi-ræktun í gróðurhús á svæði Barra við Valgerðarstaði. Þá var sett upp spennistöð með fjarstýranlegum rofum á Hnappavöllum við Fosshótel Jökulsárlón ásamt 1200A heimtaug. Álag hefur aukist talsvert á svæðinu vestan við Höfn og til að bregðast við spennufalli voru settir spennustillar við Reynivelli í Suðursveit. Þá var undirbúið nýtt úttak frá Byggðalínu í Örfæfum sem mun auka mikið rekstraröryggi í Suðursveit og Örfæfum.

Á Suðurlandi voru lagðir alls um 51 km af jarðstrengjum til endurnýjunar á 11 og 19 kV háspennulínunum ásamt tilheyrandi spennistöðvum. Þar af voru lagðir um 7 km frá Hrífunesi að Tungufljóti í V-Skaftafellssýslu í stað línu sem fór mjög illa í ísingaveðri í febrúar. Lagðir voru um 13 km í Mýrdal og undir Eyjafjöllum frá Pétursey að Hrutafelli samfara 33 kV strenglagn í Víkurlínu. Lagður var um 1 km strengur frá Neðra-Dal að Stóra-Dal í Eyjafjöllum. Þá voru lagðir um 9 km frá Snjallsteinshöfða að Tjörfastöðum í Rangárþingi Ytra. Jafnframt þessu var lagður um 9 km strengur frá Snjallsteinshöfða að Púfu sem fyrst um sinn er ætlaður fyrir vinnurafmagn í Hvammsvirkjun og er það framhald á lögn frá fyrra ári. Einnig var sett upp fjarstýranleg rofastöð við Púfu þar sem gert er ráð fyrir að verði raforkumæling fyrir vinnurafmagn vegna virkjunarframkvæmda. Lagður var um 14 km jarðstrengur frá rofastöð við Nesjar í Grafningi að Skálabrekku í Þingvallasveit og sett upp fjarstýranleg rofastöð við Heiðarbæ sem mun bæta mjög rekstraröryggi á Þingvöllum. Helstu framkvæmdir vegna umsókna viðskiptavina voru um 6 km strengur frá Ytri-Sólheimum að Sólheimajökli ásamt spennistöð fyrir ferðapjónustuaðila og Neyðarlínuna. Sumarhúshverfi í landi Efra-Sels í Rangárþingi Ytra var rafvætt. Lagður var um 1 km strengur að Kerinu í Grímsnesi ásamt spennistöð. Dreifikerfi fyrir 15 sumarhús Úlfliótsvatnsskála var yfirtekið frá Veitum ohf. Þá fjölgaði mjög umsóknum um heimtaugar í dreifbýli á Suðurlandi sem kölluðu víða á lagnir háspennustrengs og spennistöðvar.

Þéttbýlis- og byggðakjarnar

Á Vesturlandi voru endurnýjaðir rafstrengir í Kveldúlfsögötu í Borgarnesi um leið og hitaveitu- og vatnslagnir á vegum Veitna ohf. og sveitarfélagsins voru endurnýjaðar en það er framhald verkefnis frá fyrra ári. Rafstrengir voru lagðir í nýja götu í Melahverfi í Hvalfjarðarsveit samhliða hitaveitu-, ljósleiðara-, og vatnslögnum á vegum sveitarfélagsins. Þá voru háspennurofar í fjórum spennistöðvum endurnýjaðir.

Á Norðurlandi mun ný Gönguskarðsárvirkjun, sem tengd var dreifikerfinu á Sauðárkróki, auka varaafli í þéttbýlinu. Sett var upp ný spennistöð á Bæjarbryggju á Siglufirði fyrir landtengingar skipa. Í tengslum við strenglagn að Ormarslóni voru settir upp fjarstýranlegir háspennurofar í spennistöð við Skólabraut á Raufarhöfn sem mun bæta rekstraröryggi á suðurluta Raufarhafnar. Lokið var stækkun heimtaugar fyrir garðyrkjustöðina á Hveravöllum í Reykjahverfi.

Á Austurlandi var sett upp 6 MVA spennistöð í nýtt uppsjávarfrystihús Eskju á Eskifirði. Einnig voru gerðar nokkrar endurbætur á strengkerfinu í nágrenni frysti-



6 MVA spennistöð komið fyrir í nýju uppsjávarfrystihúsi Eskju á Eskfirði.

hússins til að tryggja örugga afhendingu. Þá stendur til að leggja nýjan stofn frá aðveitustöð á komandi ári til að auka afhendingaröryggi á Leirusvæðinu á Eskfirði enn frekar. Spennar í eldri spennistöðvum voru stækkaðir, bæði hjá Síldarvinnslunni á Norðfirði og Loðnuvinnslunni á Fáskrúðsfirði, auk þess sem ný spennistöð var tekin í notkun fyrir nýja frystigeymslu Loðnuvinnslunnar. Byrjað var að aðskilja mælingar fyrir götuljósakerfin þannig að hægt verði að afhenda Vegagerðinni götuljósakerfi á þeirra vegum og var því lokið á þremur fyrstu stöðunum á Austurlandi fyrir áramót.

Á Suðurlandi var sett upp ný 800 kVA spennistöð í Austurbyggð á Selfossi en þar hefur uppbygging hafist af krafti við götur sem lagðar voru fyrir hrun. Í Hveragerði var endurnýjaður háspennustrengur milli spennistöðva við Kjörís og Grænu höndina auk þess sem háspennurofar í fjórum spennistöðvum voru endurnýjaðir. Í Þorlákshöfn voru endurnýjaðir háspennurofar í tveimur spennistöðvum og tekin í notkun ný spennistöð við Lýsberg. Ný fjarstýranleg spennistöð í Laugarási var einnig tekin í notkun. Auk þess sem hér er getið voru heimtaugar víða stækkaðar sem kallaði í einhverjum tilvikum á stækkun spenna. Lokið var aðskilnaði á mælingu fyrir götulýsingu sem tilheyrir Vegagerðinni eða sveitarfélögum í þéttbýlis- og byggðakjörnum í V-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Varavélar

Lokið var endurbótum á þremur færanlegum vélum. Tvær þeirra sem jafnan eru staðsettar á Sauðárkróki voru settar í nýja 40 feta gáma og á hjólavagna. Komið var fyrir 6000 lítra eldsneytistöðum sem duga til nærri tveggja sólarhringa keyrslu, aflrofar voru settir í gámana, umtengjanlegir spennar 19/11/0,4 kV og aflúttök fyrir




Á árinu var Víðgelmir í Borgarfirði, einn fegursti hraunhellir Íslands raflýstur.

Þessar spennur. Þriðja vélin sem jafnan er staðsett á Akureyri var sett í nýjan sérsníðaðan hljóðeinangraðan gám, vagn undir gáminn var styrktur og lagfærður og í gáminn settur aflrofi og umtengjanlegur spennur, 19/11/0,4 kV. Þá var 1.800 lítra eldsneytistankur sníðaður á vagninn sem dugar fyrir um 15 tíma keyrslu á fullu afli.


Truflanir í dreifikerfinu

Á síðasta ári urðu 519 fyrirvaralausar truflanir í dreifikerfi RARIK og voru 64% þeirra í háspennukerfinu en 36% í lágspennukerfinu. Þetta er talsverð fækkun frá fyrra ári, eða um 17% og hafa truflanir aldrei verið færri. Flestar truflanir, eða 50%, urðu vegna áverka, 26% vegna tæknilegra orsaka og 15% vegna náttúruafla. Óvenju fáar truflanir urðu vegna náttúruafla, eða 40% færri en í meðalári, og skýrast fáar

Truflanir eftir tegund skýrslu og árum, fyrirvaralausar truflanir:



Hlutfall af heildarskerðingu ársins í fyrirvaralausum truflunum



heildartruflanir ársins að miklu leyti af því. Truflunum vegna áflugs fjölga enn og hafa aldrei verið fleiri eða 167.

Skerðing til notenda vegna fyrirvaralausra truflana var 115 MWh á árinu, sem er um þriðjungi minna en í meðalári. Athyglisvert er að þegar uppruni skerðinganna er skoðaður kemur í ljós að þær má að miklum meirihluta rekja til loftlínukerfisins þó að jarðstrengir séu nú stærri hluti dreifikerfisins. Þó strenghlutfall dreifikerfisins sé nú 57% verða aðeins 8% skerðinganna vegna bilana í jarðstrengjum. Veðurtruflanir í loftlínunum valda um 53% skerðinganna, áflug um 10% og bilanir í skilrofum og varhöldum í loftlínunum um 4%. Fimmtung skerðingar má rekja til bilana í aðveitu- og spennistöðvum.

Helstu truflanir ársins

Rétt er að vekja athygli á því að stór hluti skerðinga ársins skýrist af tiltölulega fáum truflunum. Eftirtaldir truflanir skýra hátt í helming heildarskerðinga eða 46%.

- Þann 4. febrúar olli slæmt ísingaveður og rok miklum truflunum, sérstaklega á Suðurlandi, en einnig á Vesturlandi og Austurlandi. Þennan dag urðu fjórar af 10 mestu skerðingum ársins í einstökum truflunum. Alls urðu 14 truflanir þennan dag sem samtals leiddu til 27 MWst skerðingar til notenda.
- Þann 16. febrúar brotnaði þverslá á Þingvallalínu vegna ísingar. Viðgerð tók langan tíma og varð skerðing til notenda alls um 4,4 MWst.
- Þann 13. mars varð truflun á línunni frá Glerárskógum til Gilsfjarðar sem stóð í 9 klst. og 4 mín. og skerðing til notenda varð 3,2 MWst.
- Þann 17. nóvember var mikið hvassviðri og þá urðu þrjár stórar truflanir, þar af tvær af mestu skerðingum ársins. Alls var 8 MWst skerðing til notenda þennan dag.
- Þann 22. nóvember bilaði þriggja úttaka spennir við Galtarholt 1. Truflun stóð í 7 klst. og 9 mín. og varð skerðing til notenda 4,2 MWst.
- Þann 23. desember olli hvassviðri truflun á Víkurlínu. Treglega gekk að koma línunni inn aftur og stóð truflunin í 2 klst. og 54 mín. og skerðing til notenda varð 3 MWst.

Truflanir yfir 10 kerfismínútum teljast umfangsmiklar truflanir og eru tilkynninga-skyldar. Engin slík truflun varð á árinu.

Tengdar virkjanir í árslok 2016 Afl (kW)

Bjarnarflag	2.500
Fjarðarselsvirkjun	160
Garðsárvirkjun	174
Grímsárvirkjun	2.800
Skeiðsfossvirkjun I	3.200
Skeiðsfossvirkjun II	1.600
Smyrlabjargarárvirkjun	1.000
Sleitustaðavirkjun	218
Koltunguvirkjun (Porvaldseyri)	17
Rollulækjarvirkjun (Króksmenn)	55
Beinárvirkjun (Hótel Geysir)	65
Kerahnjúkavirkjun	370
Sandárvirkjun IV	245
Kiðárvirkjun I	150
Kiðárvirkjun II	400
Stuttárvirkjun	13
Árteigsvirkjun 4	500
Múlavirkjun	3.100
Sandárvirkjun V	456
Lindavirkjun	638
Systragilsvirkjun	108
Ljósárvirkjun	980
Selárvirkjun	170
Bjólfsvirkjun	6.400
Gúlsvirkjun	3.400
Árteigsvirkjun 5	715
Belgsholt	30
Rangárvirkjun	160
Köldukvíslarvirkjun	2800
Rjúkandvirkjun	1800
Bugavirkjun	45
Vindrafstöð Biokraft	1200
Mosvallavirkjun	896
Gönguskarðsárvirkjun	1800
Samtals	38.165
Stærstu virkjanir landsins eru tengdar Landsneti, en fjöldi einkavirkjana og smærri virkjanir RARIK og Orkusölnunnar eru tengdar dreifikerfi RARIK beint.	

SAMANTEKT TÖLFRÆÐILEGRA UPPLÝSINGA UM SAMSTÆÐU RARIK OHF. ÁRIÐ 2016					
	Eining	Tími	2016	2015	Breyting
Íbúar á orkuveitusvæði rafmagns *)	fjöldi	1. jan.	51.157	50.865	1%
Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu *)	fjöldi	1. jan.	5.032	5.070	-1%
Meðalverð rafmagns *)	kr./kWh	yfir árið	6,77	6,05	12%
- þar af þéttbýli	kr./kWh	yfir árið	4,60	4,23	9%
- þar af dreifbýli	kr./kWh	yfir árið	10,08	9,52	6%
- þar af stofnkerfi	kr./kWh	yfir árið	-	-	-
Meðalverð heits vatns *)	kr./m ³	yfir árið	238	230	3%
Meðalverð rafmagns, forgangsorka eingöngu					
- þar af þéttbýli	kr./kWh	yfir árið	5,43	5,42	0%
- þar af dreifbýli	kr./kWh	yfir árið	10,10	9,57	6%
Fjöldi fyrirvaralausra truflana	fjöldi	yfir árið	519	623	-17%
- þar af háspennu dreifikerfi	fjöldi	yfir árið	334	424	-21%
- þar af lágspennukerfi	fjöldi	yfir árið	185	199	-7%
Orkudreifing rafmagns	GWh	yfir árið	1.164	1.227	-5%
- þar af þéttbýli	GWh	yfir árið	703	804	-13%
- þar af dreifbýli	GWh	yfir árið	460	423	9%
- þar af stofnkerfi	GWh	yfir árið	0	0	
Orkusala hita	þús. m ³	yfir árið	2.590	2.660	-3%
Afl inn á dreifikerfi rafmagns (samlagað) *	MW	yfir árið	258	212	22%
Afl dreifitapa rafmagns (uppgjörsafli samlagað)	MW	yfir árið	25	14	77%
Afl afhent út af dreifikerfi rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	233	198	18%
Raforkuvinnsla samtals, orka	GWh	yfir árið	60	60	0%
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksafkastageta	MW	31. des.	40	32	25%
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksálag, án jaðarveitna	MW	yfir árið	30	23	30%
Heildarorkusala í R/O veitum	þús. m ³	yfir árið	855	815	5%
Aðveitustöðvar	fjöldi	31. des.	52	51	2%
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafli	MVA	31. des.	603	598	1%
Fjöldi dreifistöðva	fjöldi	31. des.	5.774	5.662	2%
Uppsett spennaafli í dreifistöðvum	MVA	31. des.	783	752	4%
66 kV jarðstrengir	km	31. des.	3	3	0%
33 kV jarðstrengir	km	31. des.	229	201	14%
6-22 kV jarðstrengir	km	31. des.	4.776	4.550	5%
66 kV loftlínur	km	31. des.			
33 kV loftlínur	km	31. des.	102	130	-22%
6-22 kV loftlínur	km	31. des.	3.619	3.788	-4%
Sæstrengir	km	31. des.	15	15	0%
Háspennt dreifikerfi samtals	km	31. des.	8.744	8.687	1%
Lágspennustrengir, aðrir en heimtaugar	km	31. des.	1.487	1.470	1%
Strengskápar, háspenna	fjöldi	31. des.	386	353	
Strengskápar, lágspenna	fjöldi	31. des.	11.923	11.341	
- strengskápar samtals	fjöldi	31. des.	12.309	11.694	5%
Heimtaugar, rafmagn	km	31. des.	3.196	3.115	3%
Lágspennt dreifikerfi samtals	km	31. des.	4.683	4.585	2%
Heildarlengd hitaveitulagna	km	31. des.	242	241	0%
Heimtaugar, rafmagn	fjöldi	31. des.	33.074	32.070	3%
Heimæðar, heitt vatn	fjöldi	31. des.	2.012	2.010	0%
Rafmagn - veitur/mælur	fjöldi	31. des.	42.444	42.138	1%
Heitt vatn - veitur/mælur	fjöldi	31. des.	2.264	2.274	0%
Ljósastaurar	fjöldi	31. des.	15.487	16.119	-4%
Orkunotkun ljósbúnaða í götulýsingu	kWh	31. des.	8.890.433	9.005.292	-1%
Fastir starfsmenn hjá RARIK og dótturfélögum í árslok	fjöldi	31. des.	198	194	2%
- þar af Orkusalan	fjöldi	31. des.	13	13	0%
- þar af RED	fjöldi	31. des.	1	1	0%
Fjöldi ársverka	fjöldi	yfir árið	201	195	3%

* Skýringar: Meðalverð rafmagns er meðalverð fyrir dreifingu og flutning rafmagns fyrir alla orku (forgangsorku og ótrygga orku). Fastagjald er innifalið í meðalverði. Dreifbýlisframlag er innifalið í meðalverði. Verðið er án vsk. Meðalverð heits vatns er að meðtöldu fastagjaldi en án vsk.



Hitaveitur

Hitaveita Blönduóss og Skagastrandar, sem þjónar Blönduósi, Skagaströnd, hluta Húnavatnshrepps og hluta Skagahrepps, nýtir vatn úr þremur borholum RR-12, RR-21 og RR-22 í landi Reykja í Húnavatnshreppi. Dælur og dælustrengir voru síkkaðar niður fyrir fódringar í borholum RR-12 og RR-21. Rekstur borholanna gekk vel ef frá er talið að legustraumar stytta endingartíma mótorá og hefur verið unnið að lagfæringum.

Hitaveita Dalabyggðar nýtir vatn úr tveimur borholum (GR-11 og GR-15) af þremur í Reykjadal. Settar voru dælur í tvær borholur sem ennþá eru með sjálfrennandi vatn. Sú þriðja, GR-09, er ekki með sjálfrennsli og ekki í notkun. Prýstingur á holutoppum hefur minnkað jafnt og þétt síðustu mánuði. Því voru settar dælur í holurnar til að ná vatni þegar sjálfrennslið verður orðið of lítið.


Fjarvarmaveitan á Höfn er frá árinu 1988 en RARIK keypti hana í janúar 1991. Veitan er rafkynt með háspenntum katli og með olíuketil til vara. Leitað hefur verið að jarðhita fyrir svæðið án teljandi árangurs þar til allra síðustu ár. Nú er ekki talið útilokað að nægilegt heitt vatn finnist í námunda við Hoffell. Haustið 2016 voru boraðar tvær rannsóknarholur á Hoffelli í Nesjum, ASK-129 og ASK 130. Prufudælingar á HF-1 og HF-3 hafa staðið yfir á árinu 2016 og lofa niðurstöður góðu. Fjórða rannsóknarholan, HF-04, hefur verið staðsett og verður hún væntanlega borað snemma árs 2017.

Vegagerð ríkisins boraði fjórar borholur á gangaleið Fjarðarheiðarganga sem nýttust m.a. í leit að heitu vatni fyrir hitaveitu á Seyðisfirði. Einnig var borað ein hola við Heiðarvatn árið 2014. Í skýrslu frá ÍSOR eftir boranirnar segir m.a.: „...ekki sjást ummerki um jarðhita“ og hitastigull í þessum holum er 40–60 OC/km. Jarðhitaleit í og við Seyðisfjörð er lokið þar sem ekki virðist von til þess að finna heitt vatn fyrir hitaveitu í Seyðisfirði.

Á árinu 2016 var borað ein 1.100 m og tvær 500 m djúpar rannsóknarholur við Hoffell í Nesjum í Hornafirði.



Framkvæmdir í Hróarstungum 2016.




Starfsemin

Upplýsingatækni

Í framhaldi af útboði sem auglýst var á árinu 2015 var í lok árs 2016 samið við Advania um kaup og innleiðingu á nýju orkureikningakerfi fyrir RARIK og dótturfélag þess, Orkusöluna. Ríkiskaup auglýstu fyrir hönd RARIK eftir þátttökendum á Evrópska efnahagssvæðinu sem gætu boðið orkureikningakerfi sem hlotið hefði útbreiðslu í Evrópu og væri samþætt Microsoft Dynamics AX viðskiptakerfinu. Tveir bjóðendur, annars vegar Advania og hins vegar Annata, báðir í samstarfi við erlenda framleiðendur, óskuðu eftir að taka þátt og voru samþykktir inn í tilboðsferli. Eftir ítarlega skoðun var það að lokum mat Ríkiskaupa að tilboð Advania væri hagstæðara samkvæmt valforsendum RARIK.

Nýja orkureikningakerfið byggist á einfaldara rekstrarumhverfi og er ætlað að bæta þjónustu við viðskiptivini. RARIK og Orkusalan hafa notað Dynamics AX árum saman fyrir fjárhag, birgðahald, launakerfi, verkþókhald og fleiri rekstrarþætti félaganna. Með nýju orkureikningakerfi á grunni Dynamics næst auðveldari samþætting við aðrar kerfiseiningar og einfaldara rekstrarumhverfi í upplýsingatækni. Innleiðing kerfisins hófst í janúar 2017 og er áætlað að henni ljúki um mitt ár 2018.

Starfsmenn og ársverk				
	RARIK	Orkusalan	RED	Samtals
Ársverk	187	13,3	0,5	200,8
Starfsmenn	184	13	1	198



RARIK og Advania undirrita samning um kaup á nýju orkureikningakerfi: Sigríður Þórðardóttir forstjóri Advania, Ægir Már Þórisson forstjóri Advania, Kristinn Eiríksson framkvæmdastjóri viðskipta- lausna Advania, Ragnar Páll Bjarnason verkefnastjóri hjá RARIK, Rúnar Óskarsson sérfræðingur sölukerfa hjá RARIK, Ólafur Gíslason upplýsingatækni- stjóri RARIK, Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri RARIK og Tryggvi Ásgrímsson deildarstjóri notendabjónustu hjá RARIK.

Öryggismál


Starfsárið 2016 var áfallalítið. Þó voru þrjú slys og fjögur næstum því slys skráð á árinu en engar ábendingar um slyshættur. Það var lán í óláni að í þessum þremur tilfellum voru slysin ekki alvarleg.

Samið var við BSI á Íslandi um að yfirfara verk frá árinu 2015 þar sem RARIK hafði framkvæmt eigin úttektir á verkum. Athugasemdir skoðunarstofa eru flokkaðar í þrjá flokka, þar sem þriðji flokkur er alvarlegasta tegund ábendingar sem krefst tafar- lausrar úrlausnar. Engar þriðja flokks athugasemdir komu fram við þessar skoðanir og hefur athugasemdum í heild farið fækkandi ár frá ári.

Í samræmi við tillögu sem fram kom á fundi áætlunarmanna haustið 2015 var beitt nýrri nálgun við innri úttektir í maí 2016. Að þessu sinni voru eigin úttektir starfs- manna á kerfum RARIK rýndar til að kanna stöðu skoðunarverkefna ársins. Niðurstöð- urnar ollu nokkrum vonbrigðum því þær bentu til þess að tiltölulega lítið hefði áunnist þrátt fyrir góðan vilja þeirra sem að málinu komu. Þessi úttekt verður endurtekin vorið 2017 og árlega eftir það.

Skoðun öryggistækja er komin í þokkalegan farveg. Farið er reglulega yfir landið allt á fjórum árum og tæki skoðuð auk þess sem notendur öryggistækja eru hvattir til að huga að sínum málum reglulega.

Hlutfall fjölda og greiðslna viðskiptavina RARIK eftir lögheimilum 2016



Námskeið fyrir kunnáttumenn

Á árinu voru haldin svokölluð kunnáttumannanámskeið fyrir rafiðnaðarmenn hjá RARIK. Markmið þeirra er að auka þekkingu þátttakenda á búnaði, verklagi og öryggisreglum og gera þá hæfari til að leysa þau verk sem unnin eru við raforkuvirki fyrirtækisins. Samkvæmt Öryggisstjórnunarkerfi RARIK þarf starfsmaður að uppfylla faglegar kröfur sem gerðar eru til kunnáttumanna og viðhalda þekkingu sinni í samræmi við það. Kunnáttumaður er sá sem hefur það mikla þekkingu og reynslu við tiltekið verk að hann telst geta leyst það af hendi á fullnægjandi hátt út frá öryggis-sjónarmiði.


Kunnáttumaður þarf að hafa góða þekkingu á raforkukerfi rafveitu og þeim öryggisráðstöfunum sem tengjast starfi hans. Hann á einnig að þekkja reglur um áhættustjórnun, öryggisfatnað, öryggisbúnað, áhöld og tæki sem honum ber að nota í starfi sínu. Kunnáttumaður verður einnig að geta gert og yfirfarið gátlista og fylgt verkferlum samkvæmt gæðaskjölum RARIK. Hann þarf að þekkja merkingar á einingum, tákni þeirra á einlínumyndum og öðrum uppdráttum sem tengjast starfi hans. Verðandi kunnáttumenn þurfa að ljúka verklagi þjálfun undir handleiðslu reynds kunnáttumanns sem nær til allra þátta í starfi kunnáttumanna og lýkur með skriflegri staðfestingu leiðbeinanda á að viðkomandi uppfylli kröfur um kunnáttu og færni.

Gæða- og umhverfismál

Handbók RARIK er í stöðugri þróun. Auk hefðbundinna uppfærslna og endurnýjunar á eldri skjölum var á árinu aukið við handbókina á ýmsum sviðum. Þannig voru t.d. skjöl sem tengjast stefnu og stjórnkerfi upplýsingatækimála og upplýsingaöryggis endurskoðuð. Gefnir voru út nýir verkferlar um móttöku greiðslna og afstemmingu reikninga, og verkferlar tjónstilkynninga, bótakrafna og úrvinnslu þeirra voru skráðir með skýrari hætti.

Siðareglur eru hluti af þeim grunnreglum sem eftirlitsaðilar og umhverfið kalla eftir að séu formlega skráðar og 2016 var unnið að gerð og útgáfu siðareglna RARIK.

Unnið var að nýrri útgáfu af Öryggishandbók RARIK sem kom út í ársbyrjun 2017.



Siðareglum fyrirtækja er fyrst og fremst ætlað að draga fram þau hlutverk sem fyrirtækin og starfsmenn þeirra eru í og auka skilning á þeim skyldum og ábyrgð sem fylgja hlutverkinu. Þær eru nokkurs konar leiðarljós um hvernig eigi að vinna tiltekið starf. Í tengslum við þessa vinnu var efnt til könnunar meðal starfsmanna um siðareglur, þar sem leitað var eftir viðhorfum þeirra og áherslum. Góð þátttaka starfsmanna sem komu með fjölda ábendinga um áherslupætti og leiðarljós fyrir fyrirtækið og starfsmenn þess lagði grunninn að áherslum RARIK við gerð siðareglanna.

Á árinu var einnig unnið að meginreglum og meginviðfangsefnum samfélagslegrar ábyrgðar RARIK. Þar var einkum litið til ISO 26000 staðalsins um samfélagslega ábyrgð. Meginreglurnar og meginviðfangsefni þeirra tengjast siðareglum fyrirtækisins auk þess að skírskota beint í aðra stefnumótun fyrirtækisins, svo sem í starfsmanna-, öryggis- og umhverfismálum. Það er stefna fyrirtækisins að fyllsta jafnréttis sé ávallt gætt í starfsemi, óháð kyni en ákvæði um jafnrétti kynjanna hefur lengi verið í starfsmannastefnu RARIK. Á árinu 2016 var ákveðið að útfæra það ákvæði enn frekar í jafnréttisstefnu RARIK. Með því að tryggja að allir starfsmenn njóti sömu tækifæra og kjara óháð kyni og að allir starfsmenn séu metnir á eigin verðleikum hámarkar fyrirtækið mannauð sinn. RARIK leggur áherslu á að starfsfólk fyrirtækisins virði jafnréttissjónarmið í hvívetna og komi fram við hvert annað af virðingu.

Undanfarin ár hefur áhættustjórnun fyrirtækisins verið formgerð betur en áður og starfsemi og stefna RARIK skilgreind ítarlegar. Ýmis verkefni hafa tengst þessari vinnu og 2016 var gefin út áhættustefna RARIK. Markmið hennar er að tryggja sem best að meginmarkmiðum fyrirtækisins verði náð, en almennt teljast fáir þættir í rekstri RARIK falla undir aukna eða mikla áhættu. Jafnframt var gefið út yfirlit yfir hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins, framtíðarsýn og megináherslur í rekstri og þróun þess til framtíðar.

Loks má nefna viðbragðsáætlanir fyrirtækisins við vá, en á árinu 2016 voru tvær viðbragðsáætlanir endurskoðaðar, auk þess sem gefin var út ný viðbragðsáætlun vegna upplýsingavár. Viðbragðsáætlun RARIK vegna hugsanlegs eldgos í Kötlu var endurútfegin, en tilgangur hennar er að fyrirtækið geti brugðist skjótt og skipulega við eldgos í Kötlu. Viðbragðsáætlun RARIK vegna farsóttar var endurskoðuð með hliðsjón af landsáætlun almannavarna um hugsanlegan heimsfaraldur inflúensu. Aukin ógn er talin steðja að öryggi sem snerta upplýsingavinnslu fyrirtækja. Ný viðbragðsáætlun RARIK vegna upplýsingavár var gefin út í febrúar 2016. Henni er ætlað að mæta þessari ógn og lágmarka áhrif hennar á starfsemi fyrirtækisins.

Á árinu komu út 13 Kastljós þar sem brugðið er ljósi á búnað og atvik innan og utan fyrirtækisins sem snerta öryggi virkja, starfsmanna og almennings. Kastljósunum er dreift til allra starfsmanna og birt í handbók RARIK.

Starfsmannamál

Á árinu voru ýmsir þættir sem varða starfsmannamál RARIK teknir til endurskoðunar og má þar nefna fræðslustefnu og framkvæmd fræðslumála. Það verk var unnið með utanaðkomandi sérfræðingum og var sérstaklega horft til aukins öryggis og fagmennsku. Nýtt námsefni var unnið fyrir svonefnd kunnáttumannanámskeið sem nánar er getið á öðrum stað í ársskýrslunni. Starfsmenn sóttu auk þess ráðstefnur og fóru í heimsóknir til fyrirtækja erlendis, allt til þess að auka þekkingu og tæknistig

Eftirfarandi Kastljós sem gefin voru út 2016:

Nr. 088 um niðurrif á háspennuloftlínu
Nr. 089 um vinnu í sameiginlegum stöðvum
Nr. 090 um hurðarfleka á bifreiðum
Nr. 091 um öryggisflokkun handmæla
Nr. 092 um var- og stofntengibox
Nr. 093 um varrofa ABB SLD 00
Nr. 094 um aftengingu strengja
Nr. 095 um olíuprær við spennu
Nr. 096 um merkihæla fyrir jarðstrengi
Nr. 097 um hákuóhöpp og -slys
Nr. 098 um viðlagakassa
Nr. 099 um rafgeyma
Nr. 100 um áramótin



Áhættustefna RARIK var gefin út og ýmsir þættir sem varða öryggis- og starfsmannamál teknir til endurskoðunar.

innan fyrirtækisins. Einnig hófst endurskoðun jafnréttisáætlunar og gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í ársbyrjun 2017. Ákveðið var að uppfæra launa- og bókhaldskerfi RARIK og voru uppfærð kerfi tekin í notkun 1. janúar 2017. Árshátíð starfsmanna var að þessu sinni haldin í mars á Akureyri og var hún fjölsótt og þótti takast vel. Í aprílmánuði var eldri starfsmönnum boðið í heimsókn á aðalskrifstofu RARIK og þeim kynnt staða fyrirtækisins, verkefni ársins og næstu framtíðar. Gert er ráð fyrir að þetta verði árlegur viðburður. Félagslíf starfsmanna blómstraði að vanda, þrjú golfmót voru haldin, þar af eitt á landsvísi. Starfsmannafélögin stóðu fyrir ýmsum ferðum jafnt innan svæða sem á milli landshluta og erlendis og hefur þetta allt aukið samskipti, samheldni og samvinnu starfsmanna.

Miklar breytingar hafa orðið undanfarið á starfsliði RARIK og hefur starfsmannavelta fyrirtækisins ekki verið meiri frá því á níunda áratug liðinnar aldar. Skýringin er sú að kynslóðaskipti eru að eiga sér stað og munu fyrirsjánlega halda áfram allan þennan áratug.



Orkusalan afskráði upprunaábyrgðir fyrir allan raforkumarkað félagsins og gerði viðskiptavinum mögulegt að fá svokallað Grænt ljós þar sem öll raforkusala er vottuð.

Orkusalan 2016

Árið 2016 var tíunda heila starfsár Orkusölnunnar, sem er dótturfyrirtæki í 100% eigu RARIK en tilgangur hennar er fyrst og fremst að annast framleiðslu og sölu á raforku. Með breytingum á raforkulögum 2005 var sala á raforku gefin frjáls til að innleiða samkeppni á raforkumarkaði. Orkusalan ehf. starfar einungis á samkeppnismarkaði og er með næstmestu markaðshlutdeild í raforkusölu á almennum markaði auk þess að eiga og reka fimm virkjanir víða um land. Starfsmenn Orkusölnunnar voru 13 í árslok 2016.

Afkoma ársins

Rekstrartekjur ársins voru 5.355 milljónir kr. og rekstrargjöld 4.359 milljónir kr. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam því 996 milljónum kr. EBITDA hlutfall ársins 2016 var 22,4%. Hrein fjármagnsgjöld námu 83 milljónum kr. og að teknu tilliti til fjármagns-kostnaðar og skatta er hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi 730 milljónir kr. samanborið við 588 milljónir kr. á árinu 2015.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 voru heildareignir 12.186 milljónir kr. Heildarskuldur voru 3.835 milljónir kr. og eigið fé því 8.350 milljónir kr. Eiginfjárhlutfall Orkusölnunnar er 68,5%.

Hagnaður ársins var um 25 milljónir kr. umfram áætlun en afkoma fjármagnsliða var mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Á árinu voru 13,3 ársverk hjá Orkusölnunni samanborið við 12,0 á árinu 2015. Laun og launatengd gjöld hækkðu um 21,3% á milli ára.

Framleiðsla og innkaup

Heildarmarkaður Orkusölnunnar á árinu 2016 var tæplega 1,1 TWh. Á árinu var óvenju hlýtt og var orkunotkun því minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Markaður Orkusölnunnar í heild var 1,3% undir áætlun ársins 2016.

Árið 2004 sömdu Landsvirkjun og RARIK um kaup á raforku til 12 ára fyrir smásölu-markað RARIK og fluttist sá samningur til Orkusölnunnar við stofnun fyrirtækisins 2007. Þessi samningur sá Orkusölnunni fyrir um helmingi raforkuþarfar sinnar en hann rann út í árslok 2016.

Á árinu náðust samningar til skamms tíma um kaup á orku frá Landsvirkjun í stað þeirra samninga sem gerðir voru 2004 til 12 ára. Flestir samninganna við Landsvirkjun eru nú aðeins til eins árs.

Með nýjum samningum verða innkaup á orku töluvert flóknari og ósveigjanlegri en áður og kostnaður vegna þeirra eykst. Helstu áherslur nýrra samninga Landsvirkjunar felast í því að Orkusalan staðfestir með töluverðum fyrirvara hve mikla orku fyrirtækið ætlar að nota og nákvæmlega hvenær. Eðli málsins samkvæmt koma upp skekkjur í spám sem fylgja slíkum langtímaáætlunum með tilheyrandi kostnaði en Orkusalan kaupir alla viðbótarorku sem kann að vanta á töluvert hærra verði en ella. Þá þarf Orkusalan einnig að treysta á að sú orka sem fyrirtækið þarf að afla með stuttum fyrirvara sé til taks og aðgengileg á markaði á hverjum tíma. Nú ber í raun enginn ábyrgð á því að til sé næg orka fyrir almennan markað á Íslandi og er það töluvert áhyggjuefni fyrir fyrirtæki eins og Orkusölnuna.



Orkusalan setti af stað verkefnið „Rafbraut um Ísland“ til að styðja og styrkja uppbyggingu innviða fyrir rafbíla á Íslandi.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki tekist að fá nýja samninga til lengri tíma við Landsvirkjun en þó hefur staðið til boða að gera grunnorkusamninga til næstu fjögurra ára þar sem boðið er frekari hækkun á raforkuverði umfram verðlagshækk- anir. Önnur orkufyrirtæki hafa hvorki getað selt Orkusölnunni orku til lengri tíma né með þeim sveigjanleika sem markaður Orkusölnunnar þarfnast.

Orkuvinnsla virkjana Orkusölnunnar var rúmlega 0,25 TWh á árinu. Á árinu var orkuvinnsla í Rjúkandavirkjun og Grímsárvirkjun meiri en nokkru sinni fyrr og rekja má það til mjög góðs vatnsárs auk þess sem endurnýjun virkjananna og aukin sjálfvirkni skilaði meiri orkuvinnslu en áður.

Allur raf- og vökvabúnaður Skeiðsfossvirkjunar II var endurnýjaður á árinu en einnig var byrjað að endurnýja iðntölvur og stjórnkerfi fyrir báðar Skeiðsfossvirkjanirnar. Vegna þessa var orkuvinnsla í Skeiðsfossvirkjunum minni en í meðalári.

Ráðist var í uppgröft úr aðrennslisskurðum Lagarfossvirkjunar og Skeiðsfossvirkjunar II til að minnka rennslustruflanir. Á árinu hófst einnig undirbúningur að nýju stjórnkerfi fyrir Smyrlabjargaárvirkjun.

Almennt hefur rekstur virkjana Orkusölnunnar gengið vel og voru litlar truflanir á rekstri þeirra á árinu.



Rannsóknir og þróun

Á árinu hélt Orkusalan áfram undirbúningi vegna virkjunar Hólmsár í V-Skaftafells-sýslu í samstarfi við Landsvirkjun. Orkusalan er með helmingshlutdeild í virkjun Hólmsár á móti Landsvirkjun. Reiknað er með að uppsett afl virkjunarinnar verði um 65 MW og að stærstur hluti þeirrar orku, sem Orkusalan fær frá virkjuninni, fari á almennan markað.

Í þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem lögð var fram á Alþingi haustið 2016, kemur fram að Hólmsárvirkjun með miðlun við Atley skuli raða í biðflokk. Rökstuðningur tillögunnar fyrir að setja Hólmsárvirkjun í biðflokk eru hátt verndargildi og fremur há áhrifaeinkunn faghóps 2, mikil framtíðarverðmæti fyrir ferðaþjónustuna og hugsanleg samlegðaráhrif vegna ráðstöfunar annarra verðmætra vatnasviða. Þá er það talið þjóna almannahagsmunum að bíða með ákvörðun um ráðstöfun vatnasviðsins þar til lagt hefur verið nýtt mat á verndargildi þess.

Orkusalan skoðar ýmsar leiðir varðandi orkuöflun félagsins eins og virkjun smærri vatnsaflskosta, jarðvarma og vindorku.

Sala og markaðsmál

Á árinu var markvisst unnið að því að byggja upp ímynd Orkusölunnar og skapa henni sess sem framsækið og leiðandi fyrirtæki á raforkumarkaði. Sem fyrr var farið fram

með nýstárlegar auglýsingar sem vakið hafa eftirtekt og aukið vitund viðskiptavina um fyrirtækið.

Auglýsingaherferðinni „Stanslaust stuð“ var haldið áfram en hún er byggð á sjónvarps- og blaðaauglýsingum auk auglýsinga á helstu vef- og samskiptamiðlum. Herferðin var tilnefnd til Lúðursins, Íslensku auglýsingaverðlaunanna og hlaut einnig sérstök fagverðlaun fyrir metnaðarfulla og fagmannlega vinnu í auglýsingagerð. Þá er Orkusalan alltaf í góðu stuði á samfélagsmiðlum eins og Facebook og Twitter og fjölgaði fylgjendum Orkusölunnar stöðugt á báðum þessum miðlum. Á árinu lagði Orkusalan áherslu á samfélagslega ábyrgð og var farið í tvö veigamikil verkefni á því sviði.

Í upphafi árs afskráði Orkusalan upprunaábyrgðir fyrir allan raforkumarkað félagsins. Með því gerir fyrirtækið viðskiptavinum sínum mögulegt að fá svokallað Grænt ljós, þar sem öll raforkusala er vottuð með upprunaábyrgðum sem 100% endurnýjanleg. Með samningi Orkusölunnar við Landsvirkjun er hægt að staðfesta að öll raforka sem seld er viðskiptavinum uppfylli þessi skilyrði. Með þessu vill Orkusalan auðvelda viðskiptavinum sínum að styrkja markaðssetningu endurnýjanlegrar orku í Evrópu. Það felur einnig í sér forskot og eykur samkeppnishæfni viðskiptavina Orkusölunnar á markaði þar sem græn vottun skiptir máli. Orkusalan er eina orkufyrirtækið á Íslandi sem selur öllum viðskiptavinum sínum orku sem er vottuð 100% endurnýjanleg með upprunaábyrgðum. Verkefninu var ýtt úr vör á sýningunni „Saman gegn sóun“ sem haldin var í Perlunni í lok september en þar voru saman komin helstu fyrirtæki landsins sem láta sig umhverfismál og endurnýtingu varða.

Á síðari hluta ársins fór Orkusalan í átak til að styðja og styrkja uppbyggingu innviða fyrir rafbíla en Ísland er í lykilstöðu til að leiða rafbílabyltingu heimsins. Orkusalan ákvað að ríða á vaðið með verkefninu „Rafbraut um Ísland“ og gefa öllum sveitarfélögum landsins hleðslustöðvar fyrir rafbíla. Með þessu verkefni er ætlunin að byggja upp net hleðslustöðva um land allt og auka þannig notkunarmöguleika þeirra sem kjósa að aka um á raf- og tvinnbílum en það hefur verið erfitt hingað til vegna fárra hleðslustöðva á landsbyggðinni. Til að kynna verkefnið var sett upp sérstök Rafbraut í Kringlunni þar sem fólkí gafst kostur á að aka um allt landið á rafmagnsleikfangabílum. Þar tókust á ungir og ekki síður eldri aðdáendur rafmagnsbíla sem brunuðu hring eftir hring á þjóðveginum. Alls voru afhentar um 80 hleðslustöðvar, ein í hvert sveitarfélag auk þess sem hleðslustöðvar verða settar upp við virkjanir og skrifstofur Orkusölunnar.

Á árinu tók Orkusalan í notkun nýjan vef og samræmdi um leið útlit fyrirtækisins á öllum rafrænum miðlum sínum. Vefnum er einnig ætlað að auka einfaldleika og þægindi viðskiptavina en hann er aðgengilegur fyrir öll helstu snjalltæki.

Orkusalan var áfram í góðu stuði á árinu og sá m.a. til þess, eins og undanfarin ár, að tónlistarhátíðin „Aldrei fór ég suður“ ætti fastan sess meðal landsmanna um páskana. Þá var Orkusalan einn af bakhjörllum hátíðarinnar „List í ljósi“ sem ætlað er að umbreyta Seyðisfirði í kraumandi suðupott vel skipulagðra og ljóslifandi listviðburða.

Að mati Creditinfo var Orkusalan í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi á árinu 2016, fimmta árið í röð en einungis um 1,7% fyrirtækja á Íslandi komst í þann hóp.

Allir þessir þættir miða að því að halda áfram uppbyggingu á sterku sambandi við



viðskiptavinum Orkusölnunnar með aukna þjónustu að leiðarljósi. Árangur Orkusölnunnar af þessu starfi hefur skilað aukinni vitund um fyrirtækið, jákvæðu viðhorfi til þess og frekari fjölgun nýrra viðskiptavina en viðskiptavinum Orkusölnunnar hefur fjölgað stöðugt frá stofnun fyrirtækisins og hafa þeir aldrei verið fleiri en nú.

Orkusalan hélt áfram þátttöku í ýmsum verkefnum með viðskiptavinum sínum því fyrirtækinu er annt um umhverfi sitt og samfélag. Má þar m.a. nefna samstarf við íþróttafélög, félagasamtök og fjölbreytta viðburði sem efnt var til í nærsamfélagi viðskiptavina Orkusölnunnar.

Horfur í rekstri

Horfur í rekstri Orkusölnunnar fyrir árið 2017 eru áfram góðar og reksturinn er traustur. Gert er ráð fyrir að rekstrarhagnaður (EBITDA) ársins 2017 verði 1.523 milljónir kr. eða um 26,2% EBITDA hlutfall. Það er í samræmi við markmið stjórnar Orkusölnunnar. Áætluð afkoma Orkusölnunnar fyrir rekstrarárið 2017 er um 1.000 milljónir kr. sem er um 37,0% betri afkoma en árið 2016.

Þó er ljóst að sú óvissa, sem enn ríkir um orkuöflun Orkusölnunnar, veikir og getur haft skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækisins. Orkusölnunni hefur enn ekki tekist að fá samninga til lengri tíma við Landsvirkjun í stað þeirra langtímasamninga sem runnu út í árslok 2016 og enn er Hólmsárvirkjun neðri við Atley raðað í biðflokk rammaáætlunar. Á meðan ekki hafa verið gerðir nýir langtímasamningar við Landsvirkjun ríkir nokkur óvissa um afkomu Orkusölnunnar.

Orkusalan gaf öllum sveitarfélögum landsins hleðslustöðvar fyrir rafbíla. Hér tekur Sturla Böðvarsson bæjarstjóri í Stykkishólmi við hleðslustöð úr hendi Hafliða Ingasonar starfsmanns Orkusölnunnar.



RARIK Orkuþróun ehf. 2016

RARIK Orkuþróun ehf. er dótturfélag RARIK ohf. sem heldur utan um ráðgjafar- og þróunarverkefni RARIK á samkeppnismarkaði hér heima og erlendis. Árið 2016 var níunda rekstrarár félagsins en erlent heiti þess er RARIK Energy Development Ltd. og gengur það undir nafninu RED í daglegri umfjöllun.

Verkefni innanlands

Sjávarorka ehf.

RARIK Orkuþróun er hluthafi í Sjávarorku ehf. Lokaskýrsla um mælingar í Hvammsfirði á árunum 2013 og 2014 var gefin út á ensku síðastliðið vor. Hún var send samstarfsaðila Sjávarorku hjá ORPC í Maine, USA, til að fá álit á mælingum og niðurstöðum (second opinion). Svar barst síðsumars og var um margt athyglisvert. Í árslok 2016 rann út rannsóknarleyfi sem Sjávarorka ehf. fékk í ársbyrjun 2010 í mynni Hvammsfjarðar. Ekki hefur verið sótt um endurnýjun á leyfinu.

Sunnlensk orka ehf.

Sunnlensk orka ehf. (SO) er dótturfélag RARIK Orkuþróunar. SO var stofnað fyrir nær tveimur áratugum, m.a. til að standa að virkjun jarðhita í og við Grændal til orkuframleiðslu- og sölu í formi heits vatns, gufu og raforku og til rekstrar fasteigna í tengslum við virkjunina. Auk þess að falast eftir nýtingarleyfi stjórnvalda á jarðvarmanum í Ölfusdal hefur SO óskað eftir sérleyfisrétti stjórnvalda til að afhenda heitt vatn, gufu og aðrar afurðir frá jarðvarmavirkjun sem reist yrði í Ölfusdal.

Síðla sumars úthlutaði bæjarráð Hveragerðis samstarfsaðilum SO Orteka Partners á Íslandi slf. lóðum í Ölfusdal. Í nóvember var fundað með bæjarráði og bæjarstjórn þar sem fyrirætlanir Orteka voru kynntar. Undir lok nóvember var síðan íbúakynning um breytingar á aðalskipulagi Hveragerðis þar sem verkefnið var m.a. kynnt og rætt. Það fékk góðar móttökur og er nú komið í ferli sem miðar að því að fella það inn í skipulag svæðisins. Stefna Sunnlenskrar orku er að slík uppbygging sé gerð í sem bestri samvinnu við sveitarfélögin á svæðinu.

Verkefni erlendis

RARIK Turkison Enerji Ltd. - RTE

RARIK Turkison Enerji Ltd. (RTE) er fyrirtæki sem komið var á laggirnar í Tyrklandi 2008 og er í liðlega helmingsseigu RARIK Orkuþróunar. RTE á fjórðungshlut í fyrirtækinu Nemrut Jeotermal Elektrik (NJE) sem stofnað var 2013 til að rannsaka og nýta jarðvarmalindir í Austur-Tyrklandi. Zorlu Enerji á 75% hlut í NJE og er leiðandi í fjármögnun og þróun þess. Vorið 2017 er fyrirhugað að ráðast í frekari yfirborðsrannsóknir við Nemrut-eldfjallið og ljúka þeim rannsóknnum á svæðinu sem nauðsynlegar eru áður en ákvarðanir um djúpboranir verða teknar. Fullur vilji virðist vera til þess að hefja boranir ekki seinna en vorið 2018 og ef allt gengur að óskum gæti nýtt orkuver tekið til starfa í Nemrut árið 2023.

Zorlu Enerji á og rekur jarðvarmaorkuver í Tyrklandi sem framleiða 140 MWe og stendur að umtalsverðri uppbyggingu með stækkunum í Kisildere og Alasehir sem og byggingu nýs orkuvers í Simav. Innan þriggja ára verður framleiðslugetan væntanlega komin í um 400 MWe.



Ársreikningur 2016





Jarðstrengur lagður í Reykholtssdal.

EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS 2016

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	Bls. 41	Sjóðstremisýfirlit ársins 2016	Bls. 50
Áritun endurskoðenda	43	Skýringar	51-73
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2016	46		
Yfirlit um heildarafkomu	47	VIÐAUKAR	
Efnahagsreikningur 31. desember 2016	48	Yfirlýsing um stjórnarhætti	74
Eiginfjáryfirlit árið 2016	49	English summary	77

Athugið! Sá reikningur sem hér birtist er eftirprentun og því er ekki hægt að útiloka ritvillur. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Rarik ohf. var stofnað 1. ágúst 2006 og tók yfir rekstur og eignir Rafmagnsveitna ríkisins. Fyrirtækið annast dreifingu á rafmagni í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003. Orkusalan ehf., Rarik Orkuþróun ehf. og Ljós og gagnaleiðari ehf. eru dótturfélög Rarik og alfarið í eigu þess. Orkusalan sér um framleiðslu og sölu rafmagns, Rarik Orkuþróun vinnur að uppbyggingu og þróun hvers konar orkukerfa og Ljós og gagnaleiðari annast rekstur ljósleiðara.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Rarik ohf. og dótturfyrirtækja. Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar 14.670 milljónum króna, rekstrargjöld 11.399 milljónum króna og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði nam 3.271 milljónum króna. Fjármagnsgjöld nettó námu 294 milljónum króna. Áhrif hlutdeildarfélagsins Landsnets hf. voru neikvæð um 344 milljónir króna. Hagnaður ársins 2016 að teknu tilliti til tekjuskatts nam 2.040 milljónum króna. Þýðingarmunur hlutdeildarfélags sem færður er meðal annarra tekna og gjalda og færður á eigið fé var neikvæður um 1.178 milljónir króna og nam því heildarhagnaður ársins 862 milljónum króna.

Eignir samkvæmt efnahagsreikningi námu 57.722 milljónum króna í árslok. Eigið fé samstæðunnar nam 36.134 milljónum króna eða 63% af heildareignum. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður á árinu 2016 að fjárhæð 310 milljónir króna til hluthafa. Að öðru leyti er vísað til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé. Hlutfé félagsins nam 5.000 milljónum króna og er það allt í eigu ríkissjóðs og breyttist fjöldi hluthafa ekki á árinu.

Vísað er til skýringar nr. 23 vegna áhættustýringar samstæðunnar.

Stjórnarhættir

Stjórn Rarik ohf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Starfsreglur stjórnar voru síðast endurskoðaðar í maí 2016. Nánari grein er gerð fyrir stjórnarháttum í sérstakri yfirlýsingu um stjórnarhætti sem fylgir ársreikningnum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 samþykkti Alþingi töluverðar breytingar á lögum um ársreikninga. Lagabreytingarnar gilda með afturvirkum hætti frá og með 1. janúar 2016. Meðal lagabreytinganna er krafa um að í yfirliti með skýrslu stjórnar tiltekinna félaga skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Þá skal yfirlitið hafa að geyma stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins, ófjárhagslega lykilmælikvarða og fleira. Hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Félagið telst eining tengd almannahagsmunum og fellur undir fyrrnefndar kröfur um upplýsingagjöf sem koma til vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins. Þess má geta að fyrir félög í aðildarríkjum Evrópusambandsins gildir ákvæðið frá og með árinu 2017. Félaginu hefur ekki reynst unnt að innleiða þetta ákvæði. Innleiðing mun eiga sér stað á árinu 2017 og fyrrgreindar upplýsingar munu verða birtar í næsta ársreikningi samstæðunnar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2016 og rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuársreikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og forstjóri Rarik ohf. hafa í dag yfirfarið samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni og leggja til við aðalfund félagsins að samþykka samstæðuársreikninginn.

Reykjavík, 23. febrúar 2017

Í stjórn Rarik ohf



Birkir Jón Jónsson
formaður



Arnbjörg Sveinsdóttir



Huld Aðalbjarnardóttir



Björgvin G. Sigurðsson



Guðmundur Hörður Guðmundsson



Tryggvi Þór Haraldsson
forstjóri

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa Rarik ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Rarik ohf. fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag samstæðunnar 31. desember 2016, afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháðir Rarik ohf. og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar árið 2016. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Virðismat virkjana og veitukerfa

Virktanir og veitukerfi eru verðmætustu eignir samstæðunnar og virðismat þeirra er háð mati stjórnenda og því teljum við það vera megináherslu við endurskoðun okkar. Virktanir og veitukerfi samstæðunnar eru færð samkvæmt endurmatsaðferð og nam bókfært verð þeirra í árslok 2016 42,1 ma. kr. sem nemur um 73,0% af efnahagsreikningi samstæðunnar.

Endurmat er framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á rekstrarvirði eignanna. Mat á rekstrarvirði eignanna er byggt á sjóðstreymisgreiningu og var slíkt mat unnið vegna ársins 2016 fyrir virkjanir en ekki vegna veitukerfa. Eignirnar voru endurmetnar í lok árs 2012 og er það mat stjórnenda að ekki séu forsendur til frekara endurmats á árinu 2016.

Að því er varðar mat á virði eignanna, vísam við að öðru leyti í skýringu 11 um rekstrarfjármuni og í skýringu 27 liður e um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.

Endurskoðun okkar beindist að mati stjórnenda á bókfærðu verði virkjana og veitukerfa í árslok 2016.

Rarik ohf. notar sérstakt rekstrarfjármunakerfi til að skrá og halda utan um varanlega rekstrarfjármuni, eignir, viðbætur, endurmat og afskriftir. Farið var yfir kerfið og virkni þess, fjárfestingar inn í kerfið og færslur úr kerfi vegna sölu eða niðurlagðra eigna. Þá var farið yfir samanburðarskýrslu þar sem borin eru saman fjárfesting við áætlun, frávik greind og skýrð.

Rekstrarvirðismat virkjana sem lá fyrir en leiddi ekki til breytinga á bókfærðu verði var yfirfarið.

Við höfum einnig yfirfarið mat stjórnenda á afskriftum virkjana og veitukerfa sem og endurmat og hvort það samræmist alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Vaxtaberandi langtímaskuldir

Par sem vaxtaberandi langtímaskuldir eru veigamikill liður í reikningsskilum samstæðunnar teljum við þær vera megináhersla við endurskoðun okkar.

Bókfært verð vaxtaberandi langtímaskulda samstæðunnar nam í árslok 2016 um 17,8 ma.kr.

Að því er varðar vaxtaberandi langtímaskuldir, vísum við að öðru leyti til skýringar 20 um vaxtaberandi skuldir, 24 um tengda aðila og 27 um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.

Við endurskoðunina höfum við m.a.:

- Yfirfarið allar vaxtaberandi skuldir félagsins og endurreiknað stöðu þeirra í árslok miðað við undirliggjandi lánasamninga.
- Fengið staðfestingar frá lánveitendum á árslokastöðu.
- Farið yfir skilmála skuldanna, áfallna vexti og áætlaðar afborganir næstu ára.
- Farið yfir hvort skýringar með samstæðuársreikningnum vegna vaxtaberandi langtímaskulda séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ársskýrslu samstæðunnar, ófjárhagslega upplýsingagjöf og stjórnarháttayfirlýsingu félagsins sem finna má í viðauka með ársreikningnum. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér á eftir.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðureikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Rarik ohf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar á bls. 51 til 73 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnar og forstjóra á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endur-skoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar og berum ábyrgð á álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Ríkisendurskoðun, 23. febrúar 2017



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi



Óskar Sverrisson
endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Raforkusala.....		4.942.371	4.388.352
Dreifing raforku.....		8.276.856	7.374.535
Sala á heitu vatni.....		613.238	595.196
Aðrar tekjur.....	5	<u>837.927</u>	<u>893.539</u>
		<u>14.670.392</u>	<u>13.251.622</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup og orkuframleiðsla.....		4.088.159	4.035.631
Rekstur veitukerfa.....		5.797.564	5.325.335
Annar rekstrarkostnaður.....		<u>1.513.393</u>	<u>1.393.844</u>
	6	<u>11.399.116</u>	<u>10.754.810</u>
Rekstrarhagnaður		<u>3.271.276</u>	<u>2.496.812</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur.....		807.871	115.837
Fjármagnsgjöld.....		<u>(1.101.414)</u>	<u>(966.000)</u>
	9	<u>(293.543)</u>	<u>(850.163)</u>
Hagnaður fyrir áhrif hlutdeildarfélag og tekjuskatt		2.977.733	1.646.649
Áhrif hlutdeildarfélag.....	12	<u>(343.623)</u>	<u>902.611</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		2.634.110	2.549.260
Tekjuskattur.....	10	<u>(594.368)</u>	<u>(329.419)</u>
Hagnaður ársins		<u>2.039.742</u>	<u>2.219.841</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut.....	19	0,41	0,44
EBITDA og afskriftir			
EBITDA.....		5.065.967	4.151.182
Afskriftir.....	8	1.794.691	1.654.370

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar á bls. 51 til 73 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2016

	Skýr.	2016	2015
Hagnaður ársins		<u>2.039.742</u>	<u>2.219.841</u>
Aðrar tekjur og gjöld færð á eigið fé			
<i>Sem kunna að verða endurflokkaðar í rekstrarreikning</i>			
Þýðingarmunur hlutdeildarféлага.....	18	<u>(1.178.211)</u>	<u>0</u>
<i>Sem kunna að verða endurflokkaðar í rekstrarreikning</i>			
Hlutdeild í endurmati hlutdeildarféлага og tekjuskattsáhrif.....	12	<u>0</u>	<u>4.217.784</u>
		<u>0</u>	<u>4.217.784</u>
Heildarhagnaður ársins		<u><u>861.531</u></u>	<u><u>6.437.625</u></u>

Skýringar á bls. 51 til 73 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Rekstrarfjármunir	11	43.272.521	42.048.350
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi	12	7.832.334	9.444.222
Eignarhlutir í öðrum félögum	13	29.041	29.041
Fastafjármunir samtals		<u>51.133.896</u>	<u>51.521.613</u>
Birgðir	15	802.828	789.229
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	16	2.069.936	1.753.301
Markaðsverðbréf	17	3.220.245	3.480.177
Handbært fé	17	495.049	206.265
Veltufjármunir samtals		<u>6.588.058</u>	<u>6.228.972</u>
Eignir samtals		<u>57.721.954</u>	<u>57.750.585</u>
Eigið fé			
Hlutafé		5.000.000	5.000.000
Yfirverðsreikningur		6.756.019	6.756.019
Endurmatsreikningur		14.175.016	14.866.049
Pýðingarmunur		(1.178.211)	0
Bundinn hlutdeildarreikningur		882.902	0
Óráðstafað eigið fé		10.498.419	9.000.547
Eigið fé samtals	18	<u>36.134.145</u>	<u>35.622.615</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir til langs tíma	20	16.353.600	14.489.538
Skuldbinding vegna niðurrífs	21	716.485	688.148
Tekjuskattsskuldbinding	14	903.629	912.539
Langtímaskuldir samtals		<u>17.973.714</u>	<u>16.090.225</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	22	1.578.006	1.720.652
Tekjuskattur til greiðslu	10	611.470	410.317
Skuldir við lánastofnanir og næsta árs afborganir	20	1.424.619	3.906.776
Skammtímaskuldir samtals		<u>3.614.095</u>	<u>6.037.745</u>
Skuldir samtals		<u>21.587.809</u>	<u>22.127.970</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>57.721.954</u>	<u>57.750.585</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar á bls. 51 til 73 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

EIGINFJÁRYFIRLIT ÁRIÐ 2016

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Pýðingar- munur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
1. janúar til 31. desember 2015							
Eigið fé 1. janúar 2015	5.000.000	6.756.019	11.018.049	0	0	6.720.921	29.494.989
Heildarhagnaður ársins			<u>4.217.784</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>2.219.841</u>	<u>6.437.625</u>
Endurmat leyst upp á móti afskriftum og tekjuskatti			(369.784)	0	0	369.784	0
Greiddur arður 0,06 kr á hlut						<u>(310.000)</u>	<u>(310.000)</u>
Eigið fé 31. desember 2015	<u>5.000.000</u>	<u>6.756.019</u>	<u>14.866.049</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>9.000.546</u>	<u>35.622.615</u>
1. janúar til 31. desember 2016							
Eigið fé 1. janúar 2016	5.000.000	6.756.019	14.866.049	0	0	9.000.546	35.622.615
Heildarhagnaður ársins			<u>0</u>	<u>(1.178.211)</u>		<u>2.039.742</u>	<u>861.531</u>
Hlutdeild í hagnaði flutt á bundinn hlutdeildarreikning				0	730.235	(730.235)	0
Endurmat leyst upp á móti afskriftum og tekjuskatti			(691.033)	0	152.667	538.366	0
Greiddur arður 0,07 kr á hlut						<u>(350.000)</u>	<u>(350.000)</u>
Eigið fé 31. desember 2016	<u>5.000.000</u>	<u>6.756.019</u>	<u>14.175.016</u>	<u>(1.178.211)</u>	<u>882.902</u>	<u>10.498.419</u>	<u>36.134.145</u>

Skýringar á bls. 51 til 73 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		2.039.742	2.219.841
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		10.203	2.169
Breyting niðurrifsskuldbindingar	21	(30.600)	(58.566)
Afskriftir	8	1.794.691	1.654.370
Áhrif hlutdeildarfélags	12	343.623	(902.611)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	9	293.543	850.163
Tekjuskattur	10	594.368	329.419
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		<u>5.045.570</u>	<u>4.094.785</u>
Birgðir, (hækkun) lækkun		(13.599)	22.907
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun		(334.041)	110.754
Skammtímaskuldir, (hækkun) lækkun		<u>(148.095)</u>	<u>267.531</u>
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		4.549.835	4.495.977
Innheimtar vaxtatekjur		55.595	40.476
Greidd vaxtagjöld		(726.929)	(740.824)
Greiddur tekjuskattur		<u>(391.851)</u>	<u>(208.408)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>3.486.651</u>	<u>3.587.221</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	11	(3.056.358)	(2.437.753)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		27.292	4.089
Fjárfesting í öðrum félögum		0	(3.822)
Markaðsverðbréf, breyting		511.501	(3.470.000)
Mótttekinn arður		<u>90.761</u>	<u>5.249</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(2.426.804)</u>	<u>(5.902.237)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	18	(350.000)	(310.000)
Ný langtímalán		3.524.774	7.660.000
Afborganir langtímalána		(3.924.401)	(4.688.986)
Breyting skammtímaskulda við lánastofnanir		0	(400.000)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(749.627)</u>	<u>2.261.014</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		310.220	(54.002)
Gengismunur af handbæru fé		(21.436)	(9.556)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>206.265</u>	<u>269.823</u>
Handbært fé í lok ársins		<u><u>495.049</u></u>	<u><u>206.265</u></u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Skýringar á bls. 45 til 65 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



Á árinu var tekið í notkun nýtt uppsjávar-
frystihús Eskju á Eskifirði.

EFNISYFIRLIT SKÝRINGA 2016

	Bls.		Bls.
1. Félagið	52	15. Birgðir	59
2. Grundvöllur reikningsskilanna	52	16. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	59
3. Ákvörðun gangvirðis	52	17. Handbært fé og markaðsverðbréf	59
4. Starfspáttayfirlit	53	18. Eigið fé	59
5. Aðrar tekjur	55	19. Hagnaður á hlut	60
6. Rekstrarkostnaður	55	20. Vaxtaberandi skuldir	60
7. Laun og launatengd gjöld	55	21. Skuldbinding vegna niðurrifs	61
8. Afskriftir	55	22. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	61
9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	56	23. Stýring fjármálagærrar áhættu og fjármálagæringar	61
10. Tekjuskattur	56	24. Tengdir aðilar	67
11. Rekstrarfjármunir	57	25. Þóknun til endurskoðanda	67
12. Hlutdeildarfélag	58	26. Fyrirtæki í samstæðunni	67
13. Önnur félög	58	27. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	68
14. Skatteign/tekjuskattsskuldbinding	58		

SKÝRINGAR

1. Félagið

Rarik ohf. er opinbert hlutafélag með lögheimili að Dvergshöfða 2 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“ og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélagi. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 23. febrúar 2017.

Veittar eru upplýsingar um reikningsskilaaðferðir samstæðunnar í skýringu 27.

b. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, jafnframt sem virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru færð á endurmetnu kostnaðarverði. Fjallað er um mat á gangvirði í skýringu nr. 3.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir stjórnenda við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir teknar við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa veruleg áhrif á ársreikninginn er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring nr. 3 – ákvörðun gangvirðis
- Skýring nr. 21 – skuldbinding vegna niðurrifs

3. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a. Rekstrarfjármunir

Gangvirði framleiðslukerfa sem sætt hafa sérstöku endurmati er ákvarðað út frá tekjuvirði viðkomandi eignar. Það felur í sér að lagt er mat á tekjustrauma af viðkomandi eign og þeir núvirtir með viðeigandi ávöxtunarkröfu.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

3. Ákvörðun gangvirðis, frh.:

a. Rekstrarfjármunir, frh.:

Dreifiveita

Rekstrarfjármunir dreifiveitu voru endurmetnir miðað við 31. desember 2012. Endurmatið var unnið af starfsmönnum félagsins. Endurmatið er miðað við endurmatsgrunn eigna félagsins fyrir Orkustofnun. Endurmat eigna dreifiveitu á árinu 2012 nam 3.474 milljónum kr. Óháðir sérfræðingar voru fengnir til að meta hvort vísbendingar væru um virðisrýrnun með því að meta nýtingarvirði eigna dreifiveitu. Við mat á nýtingarvirði rekstrarfjármuna dreifiveitunnar var litið til tekjumarka dreifiveitu sem lýst er í skýringu 27 j). Við ákvörðun núvirðis dreifiveitu var notast við meðaltalsfjármagnskostnað 5,01%. Vöxtur tekna dreifiveitu var metinn 0,4% - 7,9% árin 2013- 2035 en enginn vöxtur eftir það. EBITDA-hlutfall var metið 34% til 44% á spátímabilinu. Gert er ráð fyrir að nýting tekjumarka félagsins sé 100% frá árinu 2017. Ekki voru vísbendingar á virðisrýrnun miðað við framangreindar forsendur.

Virkjanir

Virkjanir samstæðunnar voru endurmetnar miðað við 31. desember 2012 og var endurmatið unnið af óháðum sérfræðingi. Mat tekna félags var byggt á verðum í 12 ára heildsölusamningum Landsvirkjunar. Byggt var á rekstrar-kostnaði fyrri ára og hann framreiknaður. Ávöxtunarkrafa var metin 5,5%. Endurmat virkjana á árinu 2012 nam 2.325 m. kr. Í árslok 2016 var gangvirði virkjana metið af óháðum sérfræðingum. Mismunur matsins og bókfærðs verðs er óverulegur og hafa stjórnendur því ákveðið að færa ekki endurmat á árinu 2016.

b. Fjárfestingar í hlutabréfum

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörstegi.

c. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörstegs.

d. Fjárskuldir sem ekki eru afleiðusamningar

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað með því að núvirða framtíðargreiðslur höfuðstóls og vaxta með markaðsvöxtum á uppgjörstegi.

4. Starfspáttayfirlit

Félagið hefur eftirfarandi starfspætti:

Raforkudreifing

Til orkudreifingar telst sá hluti starfseminnar sem er háður sérleyfi um dreifingu rafmagns samkvæmt raforkulögum, án þátttöku í sameiginlegri starfsemi s.s. yfirstjórn.

Raforkusala

Undir raforkusölu fellur sala og framleiðsla raforku.

Annað

Undir annað telst rekstur hitaveitna, kostnaður við yfirstjórn, rekstur stoðdeilda, tekjur vegna nýrra viðskiptavina og önnur starfsemi.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

4. Starfsþáttayfirlit frh.:

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum samstæðunnar samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagiöf hennar.

Rekstrarstarfsþættir

	Raforku- dreifing	Raforkusala	Annað	Samtals
Árið 2016				
Tekjur frá viðskiptamönnum	8.276.856	4.942.371	1.451.165	14.670.392
Innri sala				0
Tekjur samtals	8.276.856	4.942.371	1.451.165	14.670.392
Rekstrarafkoma starfsþátta	2.561.965	995.991	(286.680)	3.271.276
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals				(293.543)
Áhrif hlutdeildarféлага				(343.623)
Tekjuskattur				(594.368)
Hagnaður ársins				2.039.742
Eignir starfsþátta	29.833.891	9.803.439	3.635.191	43.272.521
Óskiptar eignir				14.449.433
Eignir samtals	29.833.891	9.803.439	3.635.191	57.721.954
Óskiptar skuldir				21.587.809
Fjárfestingar	2.351.110	166.801	538.447	3.056.358
Afskriftir	1.359.535	202.405	232.751	1.794.691
Árið 2015				
Tekjur frá viðskiptamönnum	7.374.535	4.388.352	1.488.735	13.251.622
Innri sala	9.968	689.386	138.068	837.422
Tekjur samtals	7.384.503	5.077.738	1.626.803	14.089.044
Rekstrarafkoma starfsþátta	1.744.678	855.775	(103.641)	2.496.812
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals				(850.163)
Áhrif hlutdeildarféлага				902.611
Tekjuskattur				(329.419)
Hagnaður ársins				2.219.841
Eignir starfsþátta	28.874.412	9.839.044	3.334.894	42.048.350
Óskiptar eignir				12.222.058
Eignir samtals	28.874.412	9.839.044	3.334.894	54.270.408
Óskiptar skuldir				22.127.970
Fjárfestingar	1.924.229	73.097	440.427	2.437.753
Afskriftir	1.307.474	199.259	147.637	1.654.370

Innifalið í tekjum frá viðskiptamönnum raforkudreifingar á árinu 2016 er jöfnunargjald að fjárhæð 459 millj. kr., þar af eru 150 millj. kr. vegna ársins 2015.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

5. Aðrar tekjur**Aðrar tekjur greinast þannig:**

	2016	2015
Tengigjöld	358.748	251.874
Seld þjónusta	479.179	641.665
	<u>837.927</u>	<u>893.539</u>

6. Rekstrarkostnaður**Rekstrarkostnaður greinist þannig eftir eðli kostnaðar:**

Orkuflutningur	1.869.903	1.793.768
Orkukaup	3.549.621	3.570.266
Laun og launatengd gjöld	2.026.055	1.935.534
Afskriftir og virðisrýrnun	1.793.545	1.654.370
Annar kostnaður	<u>2.159.992</u>	<u>1.800.872</u>
Rekstrarkostnaður samtals	<u>11.399.116</u>	<u>10.754.810</u>

7. Laun og launatengd gjöld**Laun og launatengd gjöld greinast þannig:**

Laun	1.965.515	1.779.684
Greitt í lífeyrissjóði vegna iðgjaldatengdra lífeyriskerfa	234.495	212.736
Önnur launatengd gjöld	260.683	255.864
Áfallið orlof breyting	<u>35.530</u>	<u>33.224</u>
Laun og launatengd gjöld greinast samtals	<u>2.496.223</u>	<u>2.281.508</u>

Laun skiptast þannig:

Rekstur veitukerfa	1.125.045	1.121.310
Orkukaup og orkuframleiðsla	91.143	91.752
Annar rekstrarkostnaður	810.106	722.471
Eignfært á framkvæmdir	<u>469.929</u>	<u>345.976</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>2.496.223</u>	<u>2.281.509</u>

Ársverk	201	195
---------------	-----	-----

Laun stjórnna, forstjóra og framkvæmdastjóra voru sem hér segir í millj. kr.:

Laun stjórnna í samstæðunni	12	11
Laun forstjóra	19	17
Laun sex framkvæmdastjóra	95	94

8. Afskriftir**Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:**

Afskrift rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 11	<u>1.794.691</u>	<u>1.654.370</u>
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.794.691</u>	<u>1.654.370</u>

Afskriftir og virðisrýrnun skiptast þannig á rekstrarliði:

Rekstur veitukerfa	1.509.046	1.390.173
Orkukaup og orkuframleiðsla	202.405	199.259
Annar rekstrarkostnaður	<u>83.240</u>	<u>64.938</u>
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.794.691</u>	<u>1.654.370</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:**

	2016	2015
Vaxtatekjur af lánum og kröfum	54.609	40.127
Tekjur af markaðsverðbréfum	251.565	10.177
Arðstekjur	707	5.250
Gengismunur	500.990	60.283
Fjármunatekjur samtals	<u>807.871</u>	<u>115.837</u>
Vaxtagjöld	(710.760)	(662.088)
Verðbætur	(331.717)	(227.175)
Vextir af niðurrifsskuldbindingu	(58.937)	(76.737)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(1.101.414)</u>	<u>(966.000)</u>
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(293.543)</u>	<u>(850.163)</u>

10. Tekjuskattur**Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:****Frestaður tekjuskattur**

Tekjuskattur ársins	17.102	80.898
Gjaldfærður tekjuskattur	<u>17.102</u>	<u>80.898</u>

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur ársins	(611.470)	(410.317)
Tekjuskattur til greiðslu samtals	<u>(611.470)</u>	<u>(410.317)</u>
Tekjuskattur í rekstrarreikningi samtals	<u>(594.368)</u>	<u>(329.419)</u>

Afstemming á virku skatthlutfalli

	2016		2015	
Hagnaður ársins		2.039.742		2.219.841
Tekjuskattur		594.368		329.419
Hagnaður án tekjuskatts		<u>2.634.110</u>		<u>2.549.260</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	(526.822)	20,0%	(509.852)
Áhrif hlutdeildarfélags	2,6%	(68.725)	(7,1%)	180.522
Aðrir liðir	0,0%	1.179	0,0%	(89)
Virkur tekjuskattur	22,6%	<u>(594.368)</u>	12,9%	<u>(329.419)</u>

Tekjuskattur færður á meðal annarra tekna og gjalda færðra á eigið fé greinist þannig:

Hlutdeild í tekjuskatti af endurmati hlutdeildarfélags	<u>0</u>	<u>(1.054.446)</u>
--	----------	--------------------

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

11. Rekstrarfjármunir**Rekstrarfjármunir greinast þannig:**

	Virkjanir	Veitukerfi	Aðrir rekstrarfjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1. janúar 2015	10.328.219	33.065.956	1.727.248	45.121.423
Viðbætur á tímabilinu	72.492	2.265.188	100.073	2.437.753
Selt og aflagt			(6.258)	(6.258)
Staða 31. desember 2015	<u>10.400.711</u>	<u>35.331.144</u>	<u>1.821.063</u>	<u>47.552.918</u>
Staða 1. janúar 2016	10.400.711	35.331.144	1.821.063	47.552.918
Viðbætur á tímabilinu	166.801	2.735.688	153.869	3.056.358
Selt og aflagt		(32.096)	(5.399)	(37.495)
Staða 31. desember 2016	<u>10.567.512</u>	<u>38.034.736</u>	<u>1.969.533</u>	<u>50.571.781</u>
Afskriftir				
Staða 1. janúar 2015	384.580	2.808.435	657.183	3.850.198
Afskriftir ársins	<u>198.623</u>	<u>1.378.257</u>	<u>77.490</u>	<u>1.654.370</u>
Staða 31. desember 2015	<u>583.203</u>	<u>4.186.692</u>	<u>734.673</u>	<u>5.504.568</u>
Staða 1. janúar 2016	583.203	4.186.692	734.673	5.504.568
Afskriftir ársins	<u>199.915</u>	<u>1.489.613</u>	<u>105.163</u>	<u>1.794.691</u>
Staða 31. desember 2016	<u>783.118</u>	<u>5.676.305</u>	<u>839.836</u>	<u>7.299.259</u>
Bókfært verð				
1. janúar 2015	9.943.639	30.257.521	1.070.065	41.271.225
31. desember 2015 og 1. janúar 2016	9.817.508	31.144.452	1.086.390	42.048.350
31. desember 2016	9.784.394	32.358.431	1.129.697	43.272.521
Bókfært verð án endurmats 31. desember 2015	5.095.647	25.509.222	918.944	31.523.813
Bókfært verð án endurmats 31. desember 2016	5.147.649	26.947.523	990.281	33.085.453

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna samstæðunnar sem metnar eru í fasteignamati nam um 2,8 milljörðum króna (2015: 2,6 milljörðum króna). Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 7,4 milljarðar króna (2015: 6,9 milljarðar króna). Vátryggingarfjárhæð viðlagatryggingar rekstrarfjármuna samstæðunnar nam 66,8 milljörðum króna í árslok 2016 (2015: 63,9 milljörðum króna).

Veðsetningar

Engin veðskuldabréf eru hjá samstæðunni í árslok 2016 og engar eignir veðsettar.

Endurmetnar eignir

Stjórnendur yfirfóru í árslok 2016 hvort þær aðstæður væru til staðar að endurmeta bæri rekstrarfjármuni félagsins sem færðir eru á endurmetnu kostnaðarverði. Lagt var mat á virði virkjana félagsins með sjóðsflæðisgreiningu en í tilviki veitukerfa var farið yfir hvort áætlað endurstofnsverð þeirra væri verulega umfram bókfært virði þeirra. Á grundvelli þessa er það mat stjórnenda að ekki séu forsendur til frekara endurmats á árinu 2016.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

12. Hlutdeildarfélag

Hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélagssins Landsnets hf. nam 343 millj. kr. (2015: hagnaður 903 millj. kr.) og hlutdeild í öðrum tekjum og gjöldum færðra á eigið fé nam 0 millj. kr. (2015: 4.218 millj. kr.) Þýðingarmunur færður meðal annarrar heildarafkomu nam 1.178 millj. kr. Hlutdeild í öðrum tekjum og gjöldum á árinu 2015 var hlutdeild í færðu endurmati fastafjármuna Landsnets hf.

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi er eftirfarandi:

	Eignar- hlutur	Bókfært verð	Heildar- eignir ISK	Heildar- skuldir ISK	Tekjur ISK	(Tap) Hagnaður ISK
31. desember 2016						
Landsnet hf.	22,51%	7.832.334	87.102.321	52.251.878	15.698.903	(1.569.007)

Hlutdeildarfélagið Landsnet ohf. hefur skilgreint starfrækslugjaldmiðil sinn sem USD frá og með 1. janúar 2016. Af þeim sökum er færður þýðingarmunur í yfirliti um heildarafkomu og á sérstakan þýðingarmunarreikning meðal eigin fjár.

Mótttekinn arður frá Landsneti hf. nam 90,1 millj. kr. á árinu 2016.

31. desember 2015

Landsnet hf.	22,51%	9.444.222	102.973.408	61.017.738	16.182.655	4.009.821
-------------------	--------	-----------	-------------	------------	------------	-----------

13. Önnur félög**Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:**

	2016 Bókfært verð	2015 Bókfært verð
Óskráð félög.....	29.041	29.041

14. Skatteign/tekjuskattsskuldbinding**Skatteign/tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar greinist þannig:**

	2016	2015
(Tekjuskattsskuldbinding) skatteign 1. janúar	(912.539)	(979.432)
Frestaður tekjuskattur ársins	17.102	80.898
Aðrir liðir	0	(8.114)
Mismunur álagðs og áætlaðs skatts til greiðslu og áhrif samsköttunar	(8.192)	(5.891)
(Tekjuskattsskuldbinding) skatteign 31. desember	(903.629)	(912.539)

(Tekjuskattsskuldbinding) skatteign greinist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir	(987.528)	(1.058.474)
Viðskiptakröfur	8.501	12.350
Þinggjöld	(8.028)	(7.892)
Skuldbinding vegna niðurrifs	143.297	137.629
Frestaður gengismunur	(70.668)	(9.983)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	10.797	13.831
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember	(903.629)	(912.539)

14. Skatteign/tekjuskattsskuldbinding, frh.:**Yfirfæranlegt skattalegt tap**

Miðað við núgildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði innan 10 ára frá því það myndast. Það er mat stjórnenda að rekstur félagsins á næstu árum muni skapa skattskyldar tekjur og að yfirfæranlegt skattalegt tap muni nýtast að fullu. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

	2016	2015
Yfirfæranlegt tap ársins 2009, nýtanlegt til 2019	33.447	33.447
Yfirfæranlegt tap ársins 2015, nýtanlegt til 2025	0	35.709
Yfirfæranlegt tap ársins 2016, nýtanlegt til 2026	<u>20.536</u>	<u>-</u>
Yfirfæranlegt tap samtals	<u>53.983</u>	<u>69.156</u>

15. Birgðir**Birgðir greinast þannig:**

	2016	2015
Efnisbirgðir, varahlutir	<u>802.828</u>	<u>789.229</u>

16. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:**

	2016	2015
Viðskiptakröfur	2.201.901	1.956.191
Aðrar skammtímakröfur	59.035	7.110
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(191.000)</u>	<u>(210.000)</u>
	<u>2.069.936</u>	<u>1.753.301</u>

17. Handbært fé og markaðsverðbréf**Markaðsbréf greinist þannig:**

Markaðsverðbréf að fjárhæð 3.220 þús. kr. eru fjárfestingar í verðbréfasjóðum sem færðar eru á gangvirði samkvæmt uppgefnum verðum frá miðlara.

Handbært fé greinist þannig:

Óbundnar innistæður	<u>495.049</u>	<u>206.265</u>
---------------------------	----------------	----------------

18. Eigið fé**Hlutfé**

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.000 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu auk réttar til aðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Yfirverðsreikningur

Yfirverðsreikningur samanstendur af innborguðu hlutfé umfram nafnverð 1 kr. á hlut.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur samanstendur af hlutdeild félagsins í gengismun sem verður til við þýðingu reikningsskila hlutdeildarfélagis yfir í íslenskar krónur.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningurinn samanstendur af endurmati virkjana og dreifikerfis til gangvirðis að teknu tilliti til skattáhrifa.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Bundinn hlutdeildarreikningur inniheldur hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага sem er umfram úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum á undirritunardegi.

18. Eigið fé, frh.:**Arður**

Félagið greiddi út 350 millj. kr. arð á árinu 2016 (2015: 310 millj. kr.).

Fyrir liggur tillaga frá stjórn um úthlutun arðs á árinu 2017 að fjárhæð 310 millj. kr (0,06 kr. á hlut).

19. Hagnaður á hlut**Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut:**

	2016	2015
Hagnaður	<u>2.039.742</u>	<u>2.219.841</u>
Vegið meðaltal hlutabréfa:		
Hlutir 1. janúar–31. desember	<u>5.000.000</u>	<u>5.000.000</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta þann 31. desember	<u>5.000.000</u>	<u>5.000.000</u>
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	<u>0,41</u>	<u>0,44</u>

20. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig: Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gengisáhættu eru veittar í skýringu 23.

Skuldir til langs tíma

	2016	2015
Óveðtryggð bankalán	3.616.063	1.248.350
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa	<u>14.162.156</u>	<u>17.147.964</u>
	17.778.219	18.396.314
Næsta árs afborgun langtímaskulda	<u>(1.424.619)</u>	<u>(3.906.776)</u>
	<u>16.353.600</u>	<u>14.489.538</u>

Skammtímaskuldir

	2016	2015
Næsta árs afborgun langtímaskulda	<u>1.424.619</u>	<u>3.906.776</u>
	<u>1.424.619</u>	<u>3.906.776</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals.....	<u>17.778.219</u>	<u>18.396.314</u>

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði greinast þannig:

	Lokagjaldd.	2016		2015	
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í CHF	2017	0,0%	133.927	0,0%	315.438
Skuldir í EUR	2017–2031	1,2%	2.100.103	0,4%	777.975
Skuldir í USD	2017–2031	2,8%	<u>1.382.033</u>	0,7%	<u>154.937</u>
			<u>3.616.063</u>		<u>1.248.350</u>
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	2019–2032	4,0%	<u>14.162.156</u>	4,0%	<u>17.147.964</u>
			<u>14.162.156</u>		<u>17.147.964</u>
Vaxtaberandi skuldir í efnahagsreikningi samtals			<u>17.778.219</u>		<u>18.396.314</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

20. Vaxtaberandi skuldir, frh.:

Samningsbundar afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:	2016	2015
Árið 2016	-	3.906.776
Árið 2017	1.424.619	1.491.821
Árið 2018	1.189.961	945.688
Árið 2019	1.404.741	1.156.278
Árið 2020	1.180.980	932.258
Árið 2021	1.190.667	941.816
Síðar	<u>11.387.251</u>	<u>9.021.677</u>
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgan	<u>17.778.219</u>	<u>18.396.314</u>

Á árinu 2016 tók samstæðan erlend lán að fjárhæð 3.525 millj. kr.

21. Skuldbinding vegna niðurrifs**Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:**

Staða 1. janúar	688.148	669.977
Gjaldfært á árinu	(30.600)	(58.566)
Vextir og verðbætur	<u>58.937</u>	<u>76.737</u>
Staða 31. desember	<u>716.485</u>	<u>688.148</u>

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skal stofnverð rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Mynduð er skuldbinding vegna þessa meðal langtímaskulda. Útreikningur á fjárhæð skuldbindingarinnar byggðist á núvirði áætlaðs niðurrifskostnaðar loftlína m.v. forsendur um hlutfall niðurrifskostnaðar af byggingu lína og um endingartíma þeirra. Vextir á niðurrifskostnað voru 6,6% á árinu 2016 (2015: 6,9%) að viðbætti verðtryggingu. Engin ný loftlína var byggð á árunum 2016 og 2015.

22. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:**

Viðskiptaskuldir	1.114.779	1.271.134
Aðrar skammtímaskuldir	<u>463.227</u>	<u>449.518</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals.....	<u>1.578.006</u>	<u>1.720.652</u>

23. Stýring fjármálalegrar áhættu og fjármálagerningar**Yfirlit**

Fjármálagerningum samstæðunnar fylgir eftirfarandi áhætta:

- Lánsáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta

Eftirfarandi eru upplýsingar um fjármálalegra áhættu samstæðunnar, markmið, stefnu og aðferðir við að meta og draga úr áhættunni.

Markmið samstæðunnar er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Til að sinna því hefur stjórnin sótt ráðgjöf til utanaðkomandi ráðgjafa.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Stýring fjármálalegrar áhættu og fjármálagerningar, frh.:**Lánsáhætta**

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samstæðunnar eru á einstaklinga, fyrirtæki og stórnotendur. Dreifing viðskiptakrafna eftir viðskiptavinum er nokkuð jöfn.

Flestir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við það og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið lágt hlutfall af veltu. Innheimtudeild samstæðunnar vinnur eftir ákveðnum reglum sem miða að því að draga úr lánsáhættu.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar á viðskiptakröfum, öðrum kröfum og fjárfestingum.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	2016	2015
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.260.936	1.963.301
Handbært fé	495.049	206.265
	<u>2.755.985</u>	<u>2.169.566</u>

Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Almennir orkunotendur	1.844.511	1.633.832
Aðrar viðskiptakröfur	357.390	322.359
	<u>2.201.901</u>	<u>1.956.191</u>

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningsskiladegi voru eftirfarandi:

	2016		2015	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	1.708.321	27.697	1.477.942	0
Gjaldfallnar kröfur, 0-30 daga	240.872	11.933	105.802	0
Gjaldfallnar kröfur, 31-60 daga	62.545	12.966	76.398	18.000
Gjaldfallnar kröfur, 61-90 daga	16.415	10.457	58.413	30.000
Gjaldfallnar kröfur, 91-120 daga	3.607	2.488	64.987	40.000
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 120 daga	170.141	125.459	172.649	122.000
	<u>2.201.901</u>	<u>191.000</u>	<u>1.956.191</u>	<u>210.000</u>

Breyting niðurfærslu krafna greinist þannig:

	2016	2015
Niðurfærsla í upphafi árs	210.000	180.000
Tapaðar kröfur	(20.450)	(19.726)
Niðurfærsla ársins	1.450	49.726
Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok árs	<u>191.000</u>	<u>210.000</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Stýring fjármálalegrar áhættu og fjármálagerningar, frh.:**Lausafjárahætta**

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor sitt.

Samstæðan hefur samið um yfirdráttarheimild að fjárhæð 500 millj. kr. hjá viðskiptabanka sínum Landsbankanum hf. sem var ónýtt í árslok 2016. Samstæðan hefur ávaxtað laust fé í skammtímafjárfestingum.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samningsbundið sjóðflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
31. desember 2016						
Vaxtaberandi						
langtímaskuldir	17.778.219	22.678.232	2.233.628	1.737.092	5.097.939	13.609.573
Viðskiptaskuldir	1.114.779	1.114.779	1.114.779			
Aðrar skammtímaskuldir.....	463.227	463.227	463.227			
Samtals	<u>19.356.225</u>	<u>24.256.238</u>	<u>3.811.634</u>	<u>1.737.092</u>	<u>5.097.939</u>	<u>13.609.573</u>
31. desember 2015						
Vaxtaberandi						
langtímaskuldir	18.396.314	23.204.572	4.586.565	2.036.046	4.423.883	12.158.078
Viðskiptaskuldir	1.271.134	1.271.134	1.271.134			
Aðrar skammtímaskuldir.....	449.518	449.518	449.518			
Samtals	<u>20.116.966</u>	<u>24.925.224</u>	<u>6.307.217</u>	<u>2.036.046</u>	<u>4.423.883</u>	<u>12.158.078</u>

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk sem stjórn hefur samþykkt.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Styring fjármálalegrar áhættu og fjármálagerningar, frh.:

Gengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Starfsrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur og eru allar tekjur þess í krónum. Hluti innkaupa er í erlendum gjaldmiðlum, aðallega í evru (EUR) og Norðurlandamyntum (NOK, DKK, SEK).

Samstæðan ver sig að jafnaði ekki fyrir gengisáhættu.

Lántökur félagsins í erlendum gjaldmiðlum eru að stærstum hluta í evrum (EUR) en einnig í svissneskum frönskum (CHF) og bandarískum dollurum (USD). Vextir af þessum lánum hafa reynst mun lægri en þeir sem bjóðast af lánum í íslenskum krónum.

Mögulegt tap vegna gengisáhættu

Gengisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfrjárhæðir er eftirfarandi:

	CHF	EUR	USD
2016			
Handbært fé	175	87.112	155.231
Langtímaskuldir	(133.927)	(2.100.103)	(1.382.033)
Áhætta í efnahagsreikningi	(133.752)	(2.012.991)	(1.226.802)
2015			
Handbært fé	0	85.014	26.191
Langtímaskuldir	(315.438)	(777.975)	(154.937)
Áhætta í efnahagsreikningi	(315.438)	(692.961)	(128.746)

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:

	2016	Meðalgengi 2015	2016	Árslökagengi 2015
CHF	122,85	132,16	111,12	130,86
EUR	133,96	146,7	119,46	141,71
USD	120,96	132,16	113,09	129,9

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum hefði hækkað afkomu ársins eftir skatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sambærilegum hætti fyrir árið 2015.

	2016	2015
CHF	10.700	25.235
EUR	161.039	55.437
USD	98.144	10.300

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Stýring fjármálalegrar áhættu og fjármálagerningar, frh.:**Vaxtaáhætta**

Langtímalántökur félagsins í íslenskum krónum eru með föstum vöxtum, en skammtímalán eru með breytilegum vöxtum. Lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru með breytilegum vöxtum.

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

	2016	2015
Fjármálagerningar með fasta vexti		
Fjárskuldir	(14.162.156)	(17.147.964)
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Handbært fé	495.049	206.265
Fjárskuldir	(3.616.063)	(1.248.350)
	(3.121.014)	(1.042.085)

Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxta-breytingar á uppgjörssdegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Hækkun á vöxtum um 100 punkta á uppgjörssdegi 31. desember 2016 hefði lækkað eigið fé og afkomu ársins um 25,0 millj. kr. (2015: lækkað um 8,5 millj. kr.). Ef vextir hefðu lækkað um 100 punkta hefðu áhrifin verið þau sömu í gagnstæða átt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta félagsins er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í ársreikningnum er jafnt og gangvirði þeirra að undanteknum vaxtaberandi langtímaskuldum. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	2016		2015	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi langtímaskuldir	17.778.219	18.367.106	18.396.314	19.218.291

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með áhættulausum vöxtum í við-eigandi mynt auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörssdegi. Áhættuálag var metið 54-168 bp í árslok 2016 og 54 bp 2015 og var það byggt á þeim kjörum sem félaginu hefur boðist á markaði. Gangvirðisútreikningar vaxtaberandi langtímaskulda falla undir stig 2 í stigveldi gangkerfis.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam 63% í árslok 2016 (2015: 62%). Stjórn félagsins hefur ekki sett sér markmið um lágmarks eiginfjárlutfall.

Samstæðunni ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárlutfall. Við mat á eiginfjárlutfalli samstæðunnar er litið til bókfærðs eigin fjár.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

23. Stýring fjármálalegrar áhættu og fjármálagerningar, frh.: Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðar- verði	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur	Bókfært verð
2016				
Eignarhlutir í öðrum félögum			29.041	29.041
Viðskiptakröfur		2.010.901		2.010.901
Aðrar skammtímakröfur		59.035		59.035
Markaðsverðbréf*			3.220.245	3.220.245
Handbært fé		495.049		495.049
Samtals eignir	0	2.564.985	3.249.286	5.814.271
Vaxtaberandi skuldir	17.778.219			17.778.219
Viðskiptaskuldir	1.114.779			1.114.779
Tekjuskattur til greiðslu	611.470			611.470
Aðrar skammtímaskuldir	463.227			463.227
Samtals skuldir	19.967.695	0	0	19.967.695
2015				
Eignarhlutir í öðrum félögum			29.041	29.041
Viðskiptakröfur		1.746.191		1.746.191
Aðrar skammtímakröfur		7.110		7.110
Markaðsverðbréf*			3.480.177	3.480.177
Handbært fé		206.265		206.265
Samtals eignir		206.265	3.509.218	5.468.784
Vaxtaberandi skuldir	18.396.314			18.396.314
Viðskiptaskuldir	1.271.134			1.271.134
Tekjuskattur til greiðslu	410.317			410.317
Aðrar skammtímaskuldir	449.518			449.518
Samtals skuldir	20.527.283	0	0	20.527.283

* Markaðsverðbréf teljast til veltufjáreigna.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

24. Tengdir aðilar**Skilgreining tengdra aðila**

Eigandi, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félag og stofnanir í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Samstæðan keypti þjónustu af hlutdeildarfélagi sínu fyrir 1.876 m.kr. á árinu 2016 (2015: 1.798 m.kr.).

Samstæðan seldi þjónustu til hlutdeildarfélags síns fyrir 139,9 m.kr. á árinu 2016 (2015: 176 m. kr.).

Viðskiptastöður við hlutdeildarfélag voru eftirfarandi í milljónum kr.:

	2016	2015
Skammtímafröfur	56	36
Skammtímaskuldir	251	271

Viðskipti við tengda aðila þ.m.t. íslenska ríkið og félag og stofnanir í eigu þess eru verðlögð eins og um ótengda aðila sé að ræða.

25. Þóknun til endurskoðanda

Þóknun til Ríkisendurskoðunar, endurskoðanda samstæðunnar, á árinu 2016 nam 13,1 millj. kr. vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutareiknings.

26. Fyrirtæki í samstæðunni**Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum greinast þannig:**

	Eignarhluti	
	2016	2015
Orkusalan ehf.	100,0%	100,0%
Rarik orkuþróun ehf.	100,0%	100,0%
Ljós og gagnaleiðari ehf.	100,0%	100,0%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

27. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.

a) Grundvöllur samstæðu

(i) **Dótturfélög**

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Samstæðan fer með yferráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yferráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yferráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yferráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að aðlaga þær að reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

(ii) **Hlutdeildarfélag**

Hlutdeildarfélag eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi og öðrum tekjum og gjöldum færðum á eigið fé hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagssins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða fjármagnað þau. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

(iii) **Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum**

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, staða milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélag er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

b) Erlendir gjaldmiðlar

(i) **Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendra mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

27. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c) Fjármálagerningar

(i) **Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar**

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Í skýringu 27(k) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(ii) **Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning**

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(iii) **Aðrir fjármálagerningar**

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

d) Hlutfé

Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Endurkaup á hlutfé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

27. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.:

e) Rekstrarfjármunir

(i) **Færsla og mat**

Rekstrarfjármunir, aðrir en virkjanir og dreifikerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma.

Virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru færð á endurmetnu kostnaðarverði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar hækkanir vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetnu kostnaðarverði eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir viðkomandi eign færður á óráðstafað eigið fé.

(ii) **Kostnaður sem fellur til síðar**

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) **Afskriftir**

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Virkjanir	60 ár
Veitukerfi	20-33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5-50 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

f) **Birgðir**

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu sóluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn – fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint sóluvirði er áætlað sóluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

27. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.:

g) Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun endurmats eigna er færð á eigið fé til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar. Virðisrýrnun umfram það er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabíla vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

h) Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

i) Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar samstæðan ber lagalega skyldu eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

Niðurrifskostnaður

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Áætlunin byggist á mati sérfræðinga. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi. Breyting skuldbindingar vegna núvirðingar og verðtryggingar eru færð meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

27. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.:

j) Tekjur

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

Tekjumörk

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65 frá 2003. Tekjumörkin byggja á rauntölum fyrri ára úr rekstri dreifiveitu, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi á bundið fé í dreifiveitu. Arðsemi dreifiveitu af dreifingu raforku skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að fráðregnum sköttum (EBIT að fráðregnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifiveitunnar auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum. Við ákvörðun tekjumarka er ekki litið til raunverulegra fjármagnsliða. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjumörk og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæðum félagsins, annars vegar fyrir þéttbýli og hins vegar fyrir dreifibýli.

k) Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðusamningum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaður eða tap vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er fært nettó.

l) Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé eða liðum færðum meðal annarra tekna og gjalda færðra á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

27. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

m) Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og bynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem fyrirtækið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

n) Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Afkoma allra starfsþátta samstæðunnar er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Viðskipti milli starfsþátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfsþætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfsþátta eru kaup á rekstrarfjármunum.

o) Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tekið hafa gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2016 og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast eftir 1. janúar 2016, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin að fullu en talið er að þau séu óveruleg.

YFIRLÝSING UM STJÓRNARHÆTTI

Inngangur

Meginstarfsemi Rarik, móðurfélagsins, er rekstur dreifiveitu sem starfar skv. lögum nr. 65 frá 2003 og nær dreifiveitusvæðið til meginhluta landsins utan höfuðborgarsvæðisins, Vestfjarða og Reykjaness. Auk þess rekur Rarik fimm hitaveitur, jarðvarma-veitur í Búðardal, Blönduósi, Skagaströnd og Siglufirði og fjarvarma-veitur á Seyðisfirði og Höfn í Hornafirði.

Framleiðsla og sala rafmagns er í höndum dótturfélagsins Orkusölnunnar ehf. Þróun og uppbygging orkukerfa er hjá dótturfélaginu Rarik orkuþróun ehf. og Ljós- og gagnaleiðari ehf. hefur umsjón með ljósleiðurum sem lagðir hafa verið með jarðstrengjum. Öll þessi dótturfélög eru alfarið í eigu Rarik.

Stjórnarhættir

Stjórn Rarik leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út og tóku gildi 1. júní 2015. Stjórn setur sér starfsreglur, þar sem valdssvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Núgildandi starfsreglur stjórnar voru staðfestar af stjórn þann 25. maí 2016. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu Rarik.

Áhættustýring

„Inna eftirlit Rarik felur í sér skilgreiningu á rekstri, stjórnun og hlutverki fyrirtækisins, markmiðasetningu, upplýsingasöfnun og yfirferð þeirra upplýsinga sem verða til í kerfum fyrirtækisins um starfsemi þess, verklag og árangur samkvæmt settum markmiðum. Brugðist er við frávikum og fengin reynsla er nýtt í þróun og endurskilgreiningu starfseminnar. Stjórn félagsins ákvað að innri endurskoðun fyrir árin 2015 til 2018 yrði boðin út og var samið við Deloitte um að annast hana.

Afkomumarkmið RARIK eru sett af stjórn fyrirtækisins. Mánaðarlega fer stjórn yfir rekstraryfirlit og stöðu í fjárfestingum, þar sem frávík frá áætlunum eru yfirfarin og skýrð. Í handbók fyrirtækisins, sem er aðgengileg á innri vef þess, eru margvíslegar verklagsreglur til að tryggja gott eftirlit með rekstrarkostnaði. Sömuleiðis eru umfangsmiklar verklagsreglur um tekjuskráningu, m.a. með ferilskráningu mæla og afstemmingu sölukerfis og bókhalds. Þá eru ýmsar verklagsreglur þar sem kveðið er á um hvernig þeir, sem eru fjárhagslega ábyrgir fyrir þeim verkum sem unnið er að, sinni reglubundinni skráningu og eftirliti með kostnaði verkanna og beri ábyrgð á skilum þeirra til uppgjörs. Í skýringu nr. 23 í ársreikningi er jafnframt gerð grein fyrir áhættu- stýringu Rarik vegna fjármálagerna.

Stjórnskipulag

Stjórnskipulag Rarik samanstendur af stjórn móðurfélags, stjórnnum þriggja dótturfélaga og framkvæmdaráði móðurfélagsins. Starfsemi Rarik er skipt í fjögur svið auk skrifstofu forstjóra en þau eru Fjármálasvið, Framkvæmdasvið, Rekstrarsvið og Tækni- svið. Þá hefur stjórn kosið Endurskoðunarnefnd en fer sjálf með hlutverk Starfskjaranefndar.

Stjórn

Stjórn Rarik sinnir stefnumótun, eftirliti og töku meiriháttar ákvarðana í rekstri félagsins í samræmi við lagareglur sem gilda um stjórn félagsins. Stjórnin staðfestir rekstrar- og fjárfestingaáætlanir, fer með málefni félagsins og annast um að stjórnskipulag rekstrar þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Í stjórn Rarik eru fimm eftirtaldir aðalmenn, allir kosnir á aðalfundi:

Birkir Jón Jónsson, Baugakór 13, Kópavogi, formaður stjórnar, fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2014.

Arnbjörg Sveinsdóttir, Austurvegi 30, Seyðisfirði, varaformaður stjórnar, fyrst kosin í stjórn Rarik ohf. árið 2014.

Huld Aðalbjarnardóttir, Víðiholti 1, Norðurþingi, ritari stjórnar, fyrst kosin í stjórn Rarik ohf. árið 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, Grænuvöllum 5, Selfossi, meðstjórnandi, fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2014.

Guðmundur Hörður Guðmundsson, Norðurbakka 11a, Hafnarfirði, meðstjórnandi, fyrst kosinn í stjórn Rarik ohf. árið 2014.

Stjórn Rarik ohf. hélt 12 fundi á árinu 2016.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Yfirlýsing um stjórnarhætti, frh.:

Framkvæmdaráð og dótturfélög

Tryggvi Þór Haraldsson er forstjóri Rarik, situr í framkvæmdaráði Rarik og er formaður stjórna þriggja dótturfélaga Rarik: Orkusölnunar ehf., Rarik orkuþróunar ehf. og Ljós- og gagnaleiðara ehf.

Ólafur Hilmar Sverrisson er framkvæmdastjóri Fjármálasviðs, situr í framkvæmdaráði Rarik og á sæti í stjórn dótturfélagsins Rarik orkuþróun.

Ómar Imsland er framkvæmdastjóri Framkvæmdasviðs og situr í framkvæmdaráði Rarik.

Pétur Einir Þórðarson er framkvæmdastjóri Tæknisviðs og situr í framkvæmdaráði Rarik.

Örlygur Jónasson er framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs og situr í framkvæmdaráði Rarik.

Magnús Kristjánsson er framkvæmdastjóri Orkusölnunar, sem er dótturfélag Rarik.

Steinar Friðgeirsson er framkvæmdastjóri Rarik orkuþróunar, sem er dótturfélag Rarik.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Rarik var skipuð þann 28. apríl 2016 og í henni sitja:

Sigurður Þórðarson, endurskoðandi, formaður,

Arnbjörg Sveinsdóttir, varaformaður stjórnar Rarik og

Björgvin G. Sigurðsson, stjórnarmaður í stjórn Rarik.

Endurskoðunarnefnd Rarik hefur sett sér starfsreglur sem samþykktar eru af stjórn Rarik. Nefndin starfar í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, lög nr. 3/2006. Nefndin hélt 7 fundi á árinu 2016. Auk þess átti nefndin fundi með stjórn Rarik og stjórn Orkusölnunar.

Endurskoðunarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir stjórn Rarik og upplýsir stjórn um störf sín að minnsta kosti tvisvar á ári.

Starfskjaranefnd

Stjórn Rarik fer með hlutverk starfskjaranefndar. Starfskjarastefna er kynnt á aðalfundum félagsins.

SKAMMSTAFANIR OG SKÝRINGAR					
kV	=	kílóvolt	ISK	=	icelandic crowns
kW	=	kílóvatt	mkr	=	million icelandic crowns
MW	=	megawatt = 1.000 kW	h	=	hour
kVA	=	kílóvoltamper	RARIK	=	Iceland State Electricity
MVA	=	megavoltamper = 1.000 kVA	RED	=	RARIK Energy Development (RARIK subsidiary)
kWst	=	kílóvattstund	Orkusalan	=	Energy sales and production (RARIK subsidiary)
MWst	=	megawattstund = 1.000 kWst	hf	=	Ltd, PLC
MWe	=	megawött rafmagns	ehf	=	Ltd
GWst	=	gígawattstund = 1.000 MWst	ohf	=	PLC
TWst	=	terawattstund = 1.000 GWst			
mkr	=	milljón krónur = 1.000.000 krónur			
st	=	klukkustund			

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.



Skorradalur

The Company

RARIK (Iceland State Electricity) was founded in April 1946 and started operations in January 1947. Its function and main responsibility through the years has been the electrification of most parts of Iceland, particularly the rural areas. The main tasks being to procure, distribute and sell electricity in its operating area and thus provide and create added value to its customers.

By devoting its energy to building an electric power transmission and distribution system for the country's rural as well as urban areas, RARIK has played an important role in the development of individual regions in the country.

Electrical and industrial development went hand in hand in Iceland. RARIK played the principal role in the electrification of Iceland's rural areas and now provides electricity via the grid system to around 60 population centres around Iceland. Its distribution network covers around 80-90% of the country's inhabited areas and serves approximately 16% of the population. The length of the high voltage distribution network is ca 8,700 km and although originally all high voltage distribution was via overhead power lines, by end of 2016 over 57% of the lines had been replaced with underground cables.

Following the passage of a new Icelandic Electricity Act in 2003 a number of significant changes took place in the field of energy production, transportation, distribution and sales. In accordance with the new act an independent company, Landsnet hf, began operation on the 1st of January 2005. This company was created to organize the transmission of electric power between different parts of Iceland and to its largest population centres. RARIK owns a 22.5% share in Landsnet hf.

The new act also meant that consumers were able to choose an electricity supplier, and thereby competition was initiated in the field of electricity sales in Iceland.

In accordance with the new act, RARIK was incorporated in July 2006, and this limited company took over all activities of the state company as of the 1st of August 2006 – just 60 years after Parliament adopted the act on the Establishment of the state company. RARIK's operations were divided at the beginning of the year 2007 into its concessioned activities, which are operated by the parent company RARIK ohf, and its competitive business activities, which were transferred to a subsidiary Orkusalan ehf.

The subsidiary, Orkusalan ehf, produces, buys and sells electricity to homes, businesses and institutions throughout the country and is 100% owned by RARIK.

In 2008 a new subsidiary was established, RARIK Energy Development Ltd (RED), also 100% owned by RARIK. The main task of this subsidiary is energy research and development, both domestic and abroad.

In addition, RARIK owns and operates five hotwater supply utilities, namely three geothermal hotwater ones and two district heating ones. The number of employees of RARIK and subsidiaries at the end of 2016 was 198.

Finances

RARIK performed well in 2016. Income rose by a little less than 11% from the previous year, while total operating fees increased by approximately 6%. The results before financial items were significantly better than the previous year. In addition, financial items were much more advantageous than in 2015, and as a result, the company's profits were higher than the year before and higher than had been projected. The impact of our associated company was negative in 2016, and as a result, the year's profits, having taken taxes into consideration, were approximately 2bn, or a similar result as in 2015.

Operation


Operating profits for 2016 (EBIT) amounted to approximately ISK 3.3bn, which is just less than 22% of the year's turnover. Operating profits before depreciation, financial items and taxes (EBITDA) were approximately 35% of turnover, or ISK 5.1bn. The price list for distribution in rural areas was increased by 7.4% on average at the beginning of 2016, while urban tariffs remained the same. This is the fourth year that the urban tariff remains unchanged. The tariff for RARIK's district heating did not change during the year. Orkusalan raised its prices twice during the year by 3.8% at the beginning of the year and then by 1.6% around the middle of the year in line with Landsvirkjun's increases of prices to Orkusalan.

The total operating income of the Group during the year was ISK 14.7bn, an increase of just less than 11% from the previous year. Operating expenses amounted to ISK 11.4bn, which is an increase of 6% from 2015. Financial expenses in excess of financial income amounted to ISK 294 million, or approximately 1.6% of the interest bearing debt at the beginning of the year. Operating results for 2016, excluding the associated company and taxes, were positive to the tune of around ISK 3bn, compared to ISK 1.6bn in 2015. The financial impact of the associated company in operation, Landsnet hf., was negative to the amount of approximately ISK 344 million. The year's profit after income tax is ISK 2bn. Due to RARIK's share in the translation difference of the associated company, recorded as equity and amounting to a total of ISK 1.2bn, the total profits for 2016 are approximately ISK 861m.

Balance sheet

RARIK's total assets according to the balance sheet amounted to ISK 57.7bn. Liabilities at year-end amounted to ISK 21.6bn. As a result, RARIK's equity is ISK

ASSETS, LIABILITIES AND EQUITY RATIO



36.1bn and its equity ratio just less than 63%. The current ratio at year-end was approximately 1.8, which is rather higher than it has been in recent years. Investments in 2016 amounted to ISK 3.1bn, while total investments in 2015 amounted to ISK 2.4bn. The bulk of the investments is due to the renewal of the distribution system. Investments in distribution systems during the year amounted to ISK 2.7bn. Investments in power plants amounted to ISK 167m during the year. Return on equity in 2016 was approximately 5.7%. Dividends amounting to ISK 310m were paid out to owners.

Financing

Loan negotiations with the Nordic Investment Bank for a 15-year loan in foreign currency were finalised in the first quarter, for the purpose of financing the replacement of the overhead powerline system with underground cables. The loan was in two currencies, EUR and USD. This will ensure the funding of the first of three phases in the renewal of the system. It is estimated that by 2035, almost all of RARIK's distribution system will be underground. The proportion of foreign debt at year-end was around 20% of the company's interest bearing debts.

Prospects for 2017

Prospects for RARIK's operation in 2017 are good. Profits from the operation of the company before the impact of the associated company and taxes are expected to be rather less than in 2016, or similar to what they were in 2015. This is due, for the most part, to the fact that financial items are not expected to be as economically advantageous in 2017 as they were in 2016.

Key figures from operations			
	ISK	2016	2015
Operating revenues	mkr	14.670	13.252
Operating expenses	mkr	11.399	10.755
Operating profits	mkr	3.271	2.497
Financial income (fin,expenses)	mkr	-293	-850
Impact of associated company	mkr	-344	903
Profits before taxes	mkr	2.634	2.550
Income tax	mkr	-594	-330
Profits	mkr	2.040	2.220
Total assets	mkr	57.751	57.751
Equity	mkr	36.134	35.623
Liabilities	mkr	21.588	22.128
Cash from operating activities	mkr	3.487	3.587
Interest expenses paid	mkr	727	741
EBITDA	mkr	5.066	4.151
Interest coverage		6,97	5,60
Equity ratio		62.6%	61,7%
Population of distribution area		51.157	50.917
Customers , meters (electricity)		42.444	42.138
Distribution of electricity	GWh	1.164	1.227
- per capita,	kWh	22.753	24.090
High Tension systems	km	8.744	8.687



Útgefandi/published by
RARIK ehf.

Dvergshöfða 2 - 110 Reykjavík
Sími/Tel. 528 9000 - Fax 528 9009
rarik@rarik.is - www.rarik.is

Ábm.: Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri
Efnisöflun: Rósant Guðmundsson kynningarstjóri
Umsjón og hönnun: Athygli ehf.

Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja

Ljósmyndir: Brynjar Svansson, Davíð Már Sigurðsson, Emil Þór Sigurðsson, Gunnar Leó Gunnarsson,
Guðjón Bachmann, Rósant Guðmundsson og ýmsir starfsmenn RARIK





RARIK ohf • sími 528 9000 • rarik@rarik.is • www.rarik.is